



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HUGVÍSINDASVIÐ**

# **Örvhentir á Íslandi**

*Um viðhorfsbreytingar til örvhentra á 20. öld*

**Ritgerð til B.A.- prófs í sagnfræði**

**Hólmfríður Magnúsdóttir**  
**Maí 2013**

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

# Örvhentir á Íslandi

*Um viðhorfsbreytingar til örvhentra á 20. öld*

Ritgerð til B.A.- prófs

Hólmfríður Magnúsdóttir

Kt.: 120789-4149

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðánarson

Maí 2013

# Ágrip

Ritgerðin fjallar um hvernig viðhorf til örvhentra á Íslandi á 20. öld hafa breyst í tímans rás, frá viðhorfi þess að örvhendi væri hægt að venja íslensk börn af á fyrri hluta aldarinnar og að því að örvhentir fengu óáreittir að nota vinstri höndina í stað þeirrar hægri, með tilkomu nýrra viðhorfa um uppeldi og meðferð barna eftir miðbik aldarinnar.

Fyrst verður fjallað um viðhorf til örvhentra og þróun á því í íslenskum fjölmiðlum, sem birtust í íslenskum tímaritum á 20. öldinni, hvernig viðhorfið til örvhentra breyttist úr því að örvhendi var ekki viðurkennt yfir í það að verða viðurkennt á Íslandi.

Næsti kafli fjallar um viðhorf í íslenskum tímaritum og dagblöðum gagnvart erlendum rannsóknum um örvhendi og orsakir þess. Að auki eru kynnt viðhorf til örvhentra í erlendum ritum sem gefin hafa verið út og fjalla um örvhendi.

Því næst er að finna umfjöllun um viðhorf til örvhentra innan íslenska skólakerfisins á 20. öld. Seinast verður vikið að viðhorfum tíu örvhentra einstaklinga af báðum kynjum til sérkennis síns og þeir spurðir út í sérkennið og fylgifiska þess.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Viðhorf til örvhentra á Íslandi á 20. öld.....	3
2.1 Viðhorf til örvhentra á fyrstu áratugum 20. aldar.....	3
2.2 Viðhorf til örvhentra á sjötta áratug 20. aldar.....	4
2.3 Viðhorf til örvhentra á sjöunda áratug 20. aldar.....	9
2.4 Viðhorf til örvhentra á áttunda áratug 20. aldar.....	11
2.5 Viðhorf til örvhentra frá níunda áratug 20. aldar til fyrsta áratugs 21. aldar.....	13
3. Erlendar rannsóknir og rit um örvhendi.....	16
3.1 Rit um örvhendi.....	16
3.2 Eru örvhentir líklegri til þess að vera öðruvísi en aðrir?.....	17
4. Viðhorf til örvhentra innan skólakerfisins.....	21
4.1 Örvhentir í námskrám.....	21
4.2 Viðhorf til örvhentra nemenda í kennslufræðum.....	22
4.3 Að vera örvhentur .....	25
5. Örvhentir um örvhendi.....	29
5.1 Viðtöl við örvhenta á aldrinum 38 ára til 65 ára.....	29
5.2 Viðtöl við örvhenta á aldrinum 13 ára til 33 ára.....	32
6. Niðurstöður.....	36
7. Heimildaskrá.....	38

## 1. Inngangur

Um 10% Íslendinga eru örvhentir, sú tala á einnig við um allt mannkyn og eru hlutföllin svipuð milli kynjanna. Það að vera örvhentur er að beita vinstri hendinni frekar en hinni hægri.<sup>1</sup> Ástæðurnar fyrir því, að sumir fæðast með þann eiginleika ríkjandi á meðan flestum er eiginlegt að beita hægri, hafa verið mikið rannsakaðar í gegnum tíðina, en enn hefur ekki fundist ein afgerandi skýring á þeirri staðreynd. Ýmsar raddir hafa heyrst, og sú sem hefur hlotið mestan hljómgrunn er að hæggra heilahvelið, eða það heilahvel sem stjórnar vinstri hlið mannlíkamans, þroskist á annan hátt í móðurkviði en vinstra heilahvelið, sem stjórnar hægri hlið líkamans.<sup>2</sup> En hvað orsakar að sumum er það eðlilegt að beita vinstri hönd fremur en hægri hönd? Einng skortir betri skilning almennings og þeirra sem hafa áhrif á mótun örvhentra barna á aðstöðu og sérkennum örvhentra. Þrátt fyrir að örvhentir lífi að mestu leyti svipuðu lífi og réttthentir, þá þurfa þeir almennt að leggja harðar að sér í „rétthentum“ heimi.

Þetta vekur þá spurningu, hvernig afstaða almennings og fræðaheimsins til þessa hóps, sem telur um 10% Íslendinga, hefur þróast frá fyrstu áratugum 20. aldar til fyrsta áratugs 21. aldar. Hefur hún þróast á jákvæðan eða neikvæðan hátt, og er staðan önnur í nútímanum en í fortíðinni?

- Í ritgerðinni verða færð fyrir því rök að hin neikvæða orðræða sem hefur tíðkast gagnvart örvhentum eigi sér sögu hér á landi og athugað verður hvort orðræðan og hin neikvæða afstaða til örvhentra hafi haft áhrif á það hvaða skilning og aðstoð þeir njóta og þá sérstaklega í skólakerfinu.

Á öðrum áratug 21. aldar þykir ekki almennt vera skömm að því að vera örvhentur á Íslandi, en samt sem áður vekur það oft athygli í okkar réttthenta heimi þegar örvhentir skrifa, klippa o.fl. með vinstri hendinni. Það gerir það að verkum að örvhentir eiga hættu á því að vekja athygli á sér meðal hinna, vegna þess að þeir eru ekki með sömu ríkjandi hendi og meirihlutinn. Allt það skólanám sem krefst notkun handanna, svo sem skrift, heimilisfræði, smíðar, íþróttir, handavinna er miðað við þarfir réttthentra en ekki örvhentra. Það er ekki nógu algengt að kennarar séu sérhæfðir í því að hjálpa örvhentum að skrifa á þann hátt sem hentar best fyrir þeirra rithendi, að tæki og tól í skólastofunum snúi þannig að þau séu hentug fyrir

---

<sup>1</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1229.

<sup>2</sup> *Vef*, Eyja Margrét Brynjarsdóttir, „Af hverju eru sumir örvhentir en aðrir ekki?“

örvhenta, að börnum séu kenndar hannyrðir með ríkjandi hendi. Hvers vegna kennararnir eru ekki sérhæfðir í að hjálpa örvhentum skólabörnum í grunnskólum landsins er ekki fullvíst, en mögulega stafar það af sjálfstæði örvhentu nemendanna sem margir hverjir bjarga sér sjálfir í skólanum og vekja þess vegna ekki athygli kennara sinna á sérkenni sínu.

Börn sem glíma við námsörðugleika af einhverju tagi eiga rétt á sérstakri aðstoð í skólanum og fá hana oft en ekki. Að vera örvhentur er ekki fötlun, heldur sérkenni. 10% barna eru örvhent gerir það að verkum að verulega mörg börn eru örvhent á Íslandi. Hafa örvhentir nemendur fengið þá aðstoð sem þeir þurfa í skólanum á 20. öld og fá þeir hana á 21. öld? Könnuð verður þróun þess að vera örvhentur í skólakerfinu á Íslandi og dregnar verða ályktanir af könnun sem lögð var fyrir örvhenta af báðum kynjum á mismunandi aldri.

## 2. Viðhorf til örvhentra á Íslandi á 20. öld

### 2.1 Viðhorf til örvhentra á fyrstu áratugum 20. aldar

„Heiðurssætið er til hægri, svo á jörðu sem á himni, sauðirnir til hægri, hafrarnir til vinstri. Og svo sem hægri höndin er mest virð á borði, svo er hún það í orði.“<sup>3</sup> Þessi orð eru rituð á fyrstu blaðsíðu greinar sem Guðmundur Finnbogason, fyrsti sálfræðiprófessor Háskóla Íslands, skrifaði í *Skírni* árið 1915 og fjallaði um örvhendi.<sup>4</sup> Höfundur lýsir því eins og tilvitnunin gefur til kynna að það sé rétt að vera réttthentur og að andstæðan við það sé að vera örvhentur. Hann skrifar að það þyki almennt ekki vera verðugt að vera örvhentur og það sé því reynt að venja íslensk börn af því að nota vinstri höndina í stað þeirrar hægri af uppalendum.<sup>5</sup>

Greinin er skrifuð árið 1915, og má segja að lýsing Guðmundar á aðstæðum örvhentra barna merki að hann sé ekki algerlega á móti örvhentum. Hann vill þannig ekki að vinstri hendin sé talin lakari en sú hægri, en er samt sem áður ekki tilbúinn að segja að hún eigi að koma í stað þeirrar hægri hjá þeim sem eru örvhentir. Hann sýnir fram á gagnsemi þess að menn séu jafnvígir á báðar hendur og nefnir að gott sé í mörgum iðjum að hafa báðar hendurnar jafnar, einnig í skólum, því þá geti nemendur skrifað á víxl, og hvílt þá alltaf aðra hendina í einu.<sup>6</sup>

Guðmundur er ekki í sjálfu sér neikvæður gagnvart örvhentum, þótt honum finnist ekki að réttthentir og örvhentir eigi að vera jafnir. Hugsun hans er sú að heldur að réttthentir verði réttthentir áfram og að örvhentir læri að beita hægri hendinni og einnig þeirri vinstri. Hann heldur því fram að réttthentir hafi einnig gagn af að nota báðar hendur.

Í *Alþýðublaðinu* frá árinu 1920, aðeins fimm árum eftir að Guðmundur Finnbogason ritaði sína grein í *Skírni*, er frönsk rannsókn kynnt, þar sem fullyrt er að börn verði örvhent ef mæður þeirra beri þau á vinstri handlegg. Franskur læknir rannsakaði tvö örvhent systkini og komst að þeirri niðurstöðu að vegna þess að móðir þeirra bar þau á vinstri handlegg sínum var hægri hönd barnanna á öxl móðurinnar og því gátu börnin ekki beitt hægri hendinni. Læknirinn prófaði að láta móðurina halda á yngra barninu á hægri handlegg og „hætti það þá að vera örfhent“. Í lok greinarinnar eru íslenskar mæður hvattar til að hafa þetta í huga þegar þær halda á eigin börnum, hafi þær ekki haft það áður.<sup>7</sup>

<sup>3</sup> Guðmundur Finnbogason, „Hægri og vinstri“, bls. 403.

<sup>4</sup> Jörgen Pind, *Frá sál til sálar*, bls. 12.

<sup>5</sup> Guðmundur Finnbogason, „Hægri og vinstri“, bls. 405.

<sup>6</sup> Guðmundur Finnbogason, „Hægri og vinstri“, bls. 410.

<sup>7</sup> „Af hverju menn eru örfhendir.“ bls. 3.

Premur tölublöðum síðar, birtist svar við grein þessari, einnig í *Alþýðublaðinu*, frá manni nokkrum sem skrifar upphafsstafi sína undir svar sitt, P.G.G.<sup>8</sup> Hann hrekur niðurstöður franska læknisins, nefnir meðal annars að flestar mæður beri börn sín á vinstri handlegg vegna þess að þær séu réttthentar og noti þá hægri höndina í annað en að bera börn sín, ef þetta væri ástæðan fyrir örvhendi þá væru nær öll börn örvhent. P.G.G. bendir á dæmi um nokkrar mæður sem hann þekkti til og áttu eitt barn af fleirum sem var örvhent. Allar höfðu þær alið börn sín upp og borið á hendi á sama hátt, jafnt hin réttthentu og hin örvhentu. Afsannar þetta rannsóknir franska læknisins að mati P.G.G. Hvetur hann almenning til þess að finna raunverulegu orsökina fyrir örvhendi. Almennigur geti alveg eins fundið lausnina eins og einhverjir prófessorar.<sup>9</sup>

Má sjá af greinunum tveimur að fólk er meðvitað um hvað það er að vera örvhentur, það veit ekki ástæðuna fyrir því, og vill gjarnan vita hana, svo það geti mögulega gert sitt til þess að koma í veg fyrir að börn geti verið örvhent. Það gefur til kynna að enginn hafi ætlað að mismuna örvhentum börnum, þau voru með sérkenni sem var ekki það stórvægilegt að það væri ekki hægt að reyna að laga það, með þeim aðferðum sem taldar voru bestar á þeim tíma.

Svo virðist vera að þrátt fyrir að hugmyndirnar um að örvhendi stafaði af því hvernig móðir fóstraði börn sín væru strax ósannaðar þá lifði þessi mýta að minnsta kosti fram til ársins 1982. Í *Tímanum* frá því sama ári er skrifað, og sagt vera fullyrt í þýsku blaði, að börn verði örvhent vegna þess að réttthentar mæður þeirra haldi á þeim á meðan þær vinna á vinstri handlegg, og því sé hægri hönd barnsins klemmd að móðurinni og nái ekki að beita henni heldur aðeins þeirri vinstri, og þess vegna verði það örvhent.<sup>10</sup>

## 2.2 Viðhorf til örvhentra á sjötta áratug 20. aldar

Að seinni heimsstyrjöldinni lokinni má segja að „nú tíminn“ hafi numið land á Íslandi fyrir fullt og allt. Breyttar áherslur urðu í uppeldismálum og lögð var áhersla á að hafa hag barnsins í fyrirrúmi.<sup>11</sup>

Foreldrar vilja flestir aðeins það sem er best fyrir börn þeirra, auk þess sem það var viðurkennt að virða þarf barnsins. Símon Jóh. Ágústsson, heimspekingur og sálfræðingur og

---

<sup>8</sup> Skammstöfunin P.G.G stendur líklega fyrir Pétur G. Guðmundsson, meðlim í Alþýðuflokknum sem gaf út *Alþýðublaðið*.

<sup>9</sup> „Hvers vegna örfhendur?“, bls. 2.

<sup>10</sup> „Af hverju verða börn örvhent?“, bls. 2.

<sup>11</sup> Reidar Myhre, *Stefnur og straumar í uppeldissögu*, bls. 345.



prófessor við Háskóla Íslands,<sup>12</sup> skrifaði grein í *Skírni* árið 1950 sem var birt í *Vísi* átta árum síðar og ber hún heitið, „Hægri hönd og vinstri“. Í greininni er rekið hvernig á að taka á því meinta vandamáli sem væri að eiga örvhent barn. Símon hefur máls á því að fjalla um líffræðilegar afleiðingar þess að vera örvhentur og nefnir það að örvhentir standi réttthentum að baki í skrift, námi og að í mörgum verksmiðjum erlendis séu ekki teknir inn örvhentir starfsmenn til sumra starfa vegna þess að vélarnar og verkfærin eru ekki gerð fyrir örvhenta.<sup>13</sup>

Símon greinir frá því að hyggilegast sé að hefjast snemma handa:

helzt áður en þau fara að ganga í skóla. [...] Ef unt er, ætti að temja barninu að beita hægri hendinni áður en það fer að tala. Þetta er hægast með því móti að láta hluti, sem það vill handleika, hægri megin við það, svo það nái ekki auðveldlega til þeirra með vinstri hendinni. Með þessu móti má oft gera það réttthent. En þess ber að geta, að mjög erfitt er að venja barn, sem er meðfædd alger örvhendi og beitir meira vinstra auga og vinstra fæti, á að nota hægri höndina.<sup>14</sup>

Samkvæmt þessari tilvitnun í grein Símonar er það trú hans, og þess ber að geta að Símon var vel menntaður, að börn eigi ekki að fá að nota vinstri hendina til skrifta og annarra hluta, en skrifar að það verði að gera það á réttan hátt og ekki eigi að neyða barnið til þess að verða réttthent. Hann nefnir „meðfædda algera örvhendi“ sem samkvæmt grein hans þýðir að sum örvhent börn séu verið þannig gerð að þau geti ekki þjálfað upp hægri hendina, en önnur örvhent börn sem eru ekki með „algera örvhendi“ frá fæðingu eigi í minni erfiðleikum með að þjálfa hana upp. Í tengslum við það að ekki megi neyða börn til þess að þjálfa upp hægri hendina, t.d. ef þau eru með „meðfædda algera örvhendi“ og taugaveikluð að auki, þá megi ekki gera grín að barninu, binda niður vinstri hönd þess eða ávíta það fyrir að gera rangt, og á þá við öll örvhent börn, ekki aðeins þau taugaveikluðu.<sup>15</sup>

Símon lýkur grein sinni um vinstri og hægri höndina á því að segja að: „Það er betra að barn sé örvhent áfram en að því sé unnið varanlegt tjón með röngum aðferðum við að reyna að laga ágalla, sem í sárafaum tilvikum verður því til verulegs бага. Í þessu efni er ekki of varlega farið.“<sup>16</sup>

---

<sup>12</sup> Vef, Kerfisstjórar Reiknistofnunar, „Símon Jóhannes Ágústsson“.

<sup>13</sup> Símon Jóh. Ágústsson, „Hægri hönd og vinstri“, bls. 4. Kom upprunalega út í *Skírni*.

<sup>14</sup> Símon Jóh. Ágústsson, „Hægri hönd og vinstri“, bls. 4.

<sup>15</sup> Símon Jóh. Ágústsson, „Hægri hönd og vinstri“, bls. 4.

<sup>16</sup> Símon Jóh. Ágústsson, „Hægri hönd og vinstri“, bls. 9.

Hann lagði því til að reynt væri til hins ítrasta, með bestu og varfærnustu leiðum fyrir barnið, svo það hljóti ekki andlegan skaða af, að venja örvhent barn á að nota hægri höndina. Þetta var ekki vegna þess að hann væri á móti örvhentum börnum eða teldi þau lakari á einhvern hátt en þau réttthentu, heldur vegna þess að trú hans var að börnunum væru opnar fleiri dyr með því að vera gerð réttthent, því svo stór hluti þeirra hluta sem gerðir eru með höndunum er gert af flestum með hægri hendinni og því auðveldara að aðlaga börnin að ríkjandi kerfi heldur en kerfið að sérkenni barnanna.

Svipuð viðhorf má finna í *Lesbók Morgunblaðsins* um örvhent börn frá árinu 1952, en þar segir:

Það er enginn afkáraskapur né heimskumerki að vera örvhendur. Foreldrar reyna stundum með harðri hendi að venja börn sín af því að vera örvhend. Það tekst stundum, og hefir venjulega mjög slæm áhrif á barnið. Meðal annars er það algengt að börnin fari þá að stama og losna ef til vill aldrei við þann kvilla. Með mestu lempni er stundum hægt að kenna börnunum að nota báðar hendur jafnt. En yfirleitt ætti foreldrar að sætta sig við það að börn þeirra sé örvhend.<sup>17</sup>

Í greininni segir einnig að að foreldrar eigi ekki að beita börn sín hörðu við að venja þau af örvhendinni, og það geti haft afleiðingar fyrir sum börn og virki alls ekki alltaf. Þarna ber við að foreldrum er sagt að sætta sig við að börnin þeirra séu örvhent. Kannski mætti túlka það sem uppgjöf eða áherslubreytingu að ekki ætti að neyða börn til þess að skipta um hendi, en þetta var þó skýrt þannig að foreldrarnir ættu að „sætta sig við“ orðinn hlut. Þeim er ekki bent á í greininni hvernig best væri að hjálpa börnunum til að nota sérkenni sitt á sem bestan máta. Það má sjá að á sjötta áratugnum eru breytt og mildari sjónarmið gagnvart örvhentum við lýði, eða hvað?

Helgi Valtýsson, rithöfundur, skrifaði grein í norðlenska tímaritið *Dag* árið 1954 sem birtist í tveimur hlutum með titlinum: „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara I og II“. Í þeirri grein má finna önnur sjónarmið.

Helgi er ekki sammála Símoni Jóh. Ágústssyni í þeim efnum að ekki megi neyða börn með einum eða öðrum hætti til þess að gera þau réttthent. Helgi hugsar með óhugnaði til þess að börnum sé leyft að vera örvhent, og segist hann sjá sér:

---

<sup>17</sup> „Örvhent börn“ bls. 201.

í huga lítið barn vera að draga til stafs með vinstri hendi og kennarinn áráðir ekki að gera hina minnstu tilraun til að sveigja fálmennda tilraun þess í rétta átt, því að „blessað barnið er fætt örvhent, og verður því að varast að þvinga það gegn náttúrulegu eðli og tilhneigingu". — Og „þökk sé hinni nýju sálarfræði, sem frætt hefur foreldra og kennara um nauðsyn þess að láta örvhent börn fá að þroskast, eins og náttúran sjálf hefur ákveðið og ætlað til". Og þannig halda svo hinar 200 milljónir örvhentra manna áfram í heiminum og skrifa með vinstri hendi, þær sem þá kunna að draga til stafs. — Þökk sé hinni nýju sálarfræði!<sup>18</sup>

Á öðrum stað í greininni nefnir hann það áfall sem hann fékk þegar hann var að vanda, að eigin sögn, prófdómari í burtfararprófi barnaskólans á Akureyri. Hann segir að:

Í ritgerðarprófi varð ég þess var, að tvö barnanna í sama bekk skrifuðu með vinstri hendi. Þetta var ömurleg sjón, allt að því eins og að sjá fótabæklað barn ganga bogið, skakkt og skælt í hverri hreyfingu. — Þetta voru lagleg börn og efnileg, en hver hreyfing handarinnar var fumkennd og paufaleg, og mér leið afar illa þennan endalausa hálf tíma, sem próf þetta stóð yfir.<sup>19</sup>

Það er greinilegt að Helgi Valtýsson var aldeilis ekki á þeirri skoðun að leyfa ætti börnunum að velja hvaða hendi þau kysu að skrifa með og hvað þá að foreldrar ættu að sætta sig við að börnum þeirra yrði ekki kennt að skrifa með hægri hönd. Hann taldi að þörfum barnanna væri best fullnægt skrifuðu þau með „réttri“ hendi.

Að ritgerðarprófinu loknu skrifar Helgi að hann hafi gefið sig á tal við skólustjóra barnaskólans og spurt hann hvers vegna börnunum væri ekki gert að skrifa með hægri hendi. Svar skólustjórans var á þann veg að sálfræðingar vöruðu við því að ekki mætti þvinga börnin til þess að breyta á móti eðli sínu,<sup>20</sup> enda er örvhendi meðfætt.

Helgi var ekki á því að kennarar væru að þvinga nemendur sína til eins eða neins, heldur skrifar hann:

---

<sup>18</sup> Helgi Valtýsson, „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara. I.", bls. 6.

<sup>19</sup> Helgi Valtýsson, „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara. I.", bls. 6.

<sup>20</sup> Helgi Valtýsson, „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara. I.", bls. 6.

Hvernig gat nokkur sálfræðingur verið svo sljór eða vankunnandi í uppeldismálum, að honum dytti í hug, að nokkur góður kennari þvingaði barn til nokkurs skapaðs hlutar, og allra sízt til erfiðs náms! — Nei, góður kennari notar allt aðrar aðferðir. Og reynsla hans er sú, að barni má kenna nærri því alla skapaða hluti í leik, sem barninu sjálfu er yndi að og ánægja! Og þá aðferð myndi hann einmitt nota við örvhentu börnin! Og svo einn góðan veðurdag myndu þau skrifa eðlilega og liðlega með hægri hendi, án þess að um nokkra þvingun og því síður kraftaverk sé að ræða!<sup>21</sup>

Hann er því algerlega sannfærður um að örvhendi barna sé ekki meðfætt og sé *hægt* að „laga“. Í hluta greinarinnar sem birtist í næsta tölublaði *Dags*, gefur Helgi kennurum góð ráð um hvernig eigi að laga örvhendi nemenda þeirra. Tekur hann sjálfan sig sem gott dæmi um manneskju sem gæti lært að skrifa með annarri hendi en þeirri ríkjandi, í hans tilfelli var það að læra að skrifa með vinstri hendi:

Þótt eg sé raunverulega kominn af barnsaldri, gerði eg tilraun fyrir skömmu að skrifa „uppá vinstri hönd“. Í upphafi aðeins nafnið mitt. Fyrsta tilraunin varð hræðilegt hrafnaspark. Önnur talsvert betri. Og sú þriðja dágóð. Og þó tók þessi „æfing“ aðeins 5 mínútur, — en ekki 7 ár. Eg varð nærri því forviða: Er þá vandinn raunverulega ekki meiri! — Og þó er sannarlega ólíku saman að jafna með afstöðu handanna til skriftar. Ætti það ekki að þurfa skýringar við.<sup>22</sup>

Helga þykir lítið mál fyrir sig að læra að skrifa með annarri hendi en þeirri sem honum er eðlilegt að skrifa með og finnst hann aldeilis ekki hafa þurft langan tíma til. Skoðanir hans brjóta í bága við almenna stefnu tímabilsins, sem mótast af tilkomu sálfræðinga og annarra uppeldisfræðinga, um að það ætti ekki að neyða börn til þess að skrifa eða gera aðra hluti með hægri hönd væru þau örvhent. Í raun er hann að draga úr vægi þess sem sérmenntað fólk í fræðum sem koma að menntun og uppeldi barna, og þykist sjálfur vita best.

---

<sup>21</sup> Helgi Valtýsson, „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara. I.“, bls. 6.

<sup>22</sup> Helgi Valtýsson, „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara. II.“, bls. 6.

### 2.3 Viðhorf til örvhentra á sjöunda áratug 20. aldar

Þegar komið var fram á sjöunda áratuginn birtust ekki greinar í íslenskum fjölmiðlum sem komu að því efni að best væri fyrir börn að vera réttthent og að hægt væri að venja þau af örvhendinni með góðu eða illu. Umræðan færðist frekar í þá átt að umfjallanir um örvhenta og örvhendi urðu að fréttum sem voru birtar fyrst og fremst lesendum blaðanna til gagns og gamans, fremur en þær fjölluðu af alvöru um sérkennið örvhendi. Það sem þó birtist, var tilviljanakennt og virðist sem að örvhendi hafi ekki farið hátt í almennri umræðu á Íslandi á áratugnum.

Í grein sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 1961 var umfjöllunarefnið örvhendir menn. Þar er kynnt að „flest vinnubrögð og verkfæri eru miðuð við það, að menn sé réttthendir,“<sup>23</sup> sem og sagt frá því að örvhentir í Bandaríkjunum hafi stofnað hagsmunafélag fyrir réttindum örvhentra, en að flestir þar utan hafi hunsað málstað þeirra. Þrátt fyrir að greinin sé í léttum dúr er einnig greint frá því að stór banki vestanhafs hafi nýlega tekið að framleiða ávísanahefti fyrir örvhenta. Þessu er fylgt eftir með því að greina frá að framleiðendur hafi í kjölfar þessa farið að hugsa sinn gang og farið að framleiða vörur ætlaðar örvhentum sérstaklega, eins og skæri, veiðistangir, blekpenna svo eitthvað sé nefnt. Í lokin er greint frá að hætt sé að leggja áherslu á að venja börn af því að nota vinstri höndina í skólanum.<sup>24</sup>

Greinin gefur ýmsar upplýsingar um nokkuð bætta stöðu örvhentra frá því sem áður hafði verið, en samt sem áður má merkja að greinarhöfundur finnst ekki taka því að nefna hvar eða hvort vörur fyrir örvhenta fáist á Íslandi og hvort að börnum sem áður var ekki leyft að skrifa með vinstri hendi sé hjálpað til þess að skrifa vel og rétt með vinstri. Kjarni greinarinnar er að vekja athygli á því að staða örvhentra er ekki sem best, en hafi batnað. Greinin er þar að auki birt fyrir miðju *Lesbókarinnar* og hefur líklegast verið uppfyllingarefni í blaðið, ætlað til gagns og gamans.

Í grein úr *Sunnudagsblaði Tímans* frá árinu 1968, er önnur grein svipuð þeirri og birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 1961. Þar er rakin vitneskja um örvhendi.<sup>25</sup> Í greininni er greint frá því að örvhentir standi réttthentum framar í mörgum íþróttum vegna þess hve erfitt það er fyrir réttthentan andstæðing að reikna út leik örvhentra. Einnig er sagt frá því að Georg VI.

---

<sup>23</sup> „Örvhendir menn“, bls. 106.

<sup>24</sup> „Örvhendir menn“, bls. 106-107.

<sup>25</sup> „Við hægri hönd guðs föður almáttugs“, bls. 632-634.

Englandskonungur hafi farið að stama eftir sálrænt áfall þegar að vinstri hönd hans var bundin niður og hann látinn skrifa með hægri hendi er hann var barn. Sú mýta hefur síðar sést í frásögnum tímarita sem halda því fram að börn sem beitt voru harðræði við að venja þau af örvhendi eigi það til að glíma við stam.<sup>26</sup>

Greinarhöfundur telur samt sem áður stöðu örvhentra batnandi eins og höfundur greinarinnar í *Lesbókinni* taldi sjö árum fyrr. Orðrétt stendur: „fer því víðs fjarri, að örvhent fólk njóti jafnréttis, ef svo má að orði komast, í þjóðfélögum nútímans. Og kannski eykst vandi þess fremur en minnkar, núna þegar flest gerist verksmiðjuframleiðsla, sniðin handa meirihlutanum, sem alltaf er með hægri höndina á lofti, ef til einhvers þarf að taka.“

Báðar greinarnar sem um ræðir birtast ekki í aðalblaði *Morgunblaðsins og Tímans*, og má af því draga þá ályktun að umfjöllunarefnið hafi ekki talist fréttæmt, heldur til afþreyingar og fróðleiks.

Í grein sem birt var í barnablaðinu *Æskan* árið 1970, má sjá svipaða umfjöllun um örvhendi og örvhenta og í fyrri greinunum tveimur. Ein setningin hljómar svona: „Leonardo da Vinci var svo ramörvhentur, að hann skrifaði stundum öfugt eða svonefnda spegilskrift. Annars geta flestir örvhentir menn lært að skrifa venjulega skrift, og margir þeirra komast upp á að skrifa ágæta rithönd.“<sup>27</sup> Í greininni er gefið til kynna að ekki nái allir örvhentir að þjálfa upp „ágætis“ rithönd, og þykir það frásagnarvert, vegna þess að höfundur hennar hefur líklega vitað að örvhentir eiga almennt erfiðara með að þjálfa upp rithönd sína, á grundvelli sérkennis síns. Tímaritið, ætlað börnum, hefði getað gefið örvhentum lesendum sínum góð ráð, til dæmis varðandi skriftina.

Samkvæmt greinunum þremur er það ríkjandi viðhorf að örvhentir þurfi ekki að lifa lakara lífi en aðrir sökum einkenna sinna.

Örvhentir á sjöunda áratugnum hafa líklegast ekki alltaf átt sjö dagana sæla, þrátt fyrir að þeim væri „leyft“ að skrifa með og nota vinstri höndina. Dæmi um örvhenta manneskju sem varð fyrir óþægindum í starfi sínu má finna í grein í pósthólfi tímaritsins *Fálkans* árið 1964, en þar segir höfundur ekki farir sínar sléttar sem starfsstúlka í mjólkurbúð. Hún segir að vegna þess að hún er örvhent vekji hún upp mikla athygli viðskiptavina í starfi sínu, vegna þess að hún reikni og skrifi með vinstri hendi. Viðskiptavinir glápi á hana og spyrji heimskulegra spurninga.

---

<sup>26</sup> „Við hægri hönd guðs föður almáttugs“, bls. 635.

<sup>27</sup> „Örvhentir menn“, bls. 391.

Sérstaklega angri hana kona sem í nær hvert skipti sem hún kemur í verslunina segist vorkenna henni svo að vera örvhent. Starfsstúlkan örvhenta endar bréf sitt á að spyrja hvort hún eigi að æfa sig að skrifa og reikna með hægri hendi svo hún losni við áreitið af hálfu viðskiptavinanna. Svar umsjónarmanns pósthólfisins er á þá leið að hún eigi ekki að fara að æfa upp hægri höndina í stað þeirra vinstri og skuli svara viðskiptavininum fullum hálsi spyrji þeir heimskulegra spurninga.<sup>28</sup>

Bréfið sem örvhenta starfsstúlkan í mjólkurbúðinni sendi *Fálkanum* var ekki undirritað, og því ekki hægt að segja með fullri vissu að bréfið sé ekki skáldað eða ýkt. Samt sem áður gefur það einhverja hugmynd um hvernig það er að hafa þetta sérkenni sem er að vera örvhentur, og vekja athygli fólks. Svárið sem hún fær er að hún skuli ekki láta vaða yfir sig af viðskiptavininum.

#### 2.4 Viðhorf til örvhentra á áttunda áratug 20. aldar

Í dagblaðinu *Þjóðviljanum* frá árinu 1975, birtist grein um að örvhentir í Japan og Bandaríkjunum hafi tekið sig saman og mótmælt óréttlætinu sem örvhentir byggju við. Aðalbaráttumál þeirra væri að vekja athygli á stöðu örvhentra, svo hægt verði að breyta viðhorfum til þeirra.<sup>29</sup> 18 árum síðar, eða árið 1993, birtist svipuð tilkynning í *Morgunblaðinu* en þá var baráttudagur örvhentra auglýstur af Alþjóðasamtökum örvhentra. Daginn ber upp þann 13. ágúst ár hvert, og átti að nýta daginn til þess að benda almenningi á þau óþægindi og hið neikvæða viðmót sem örvhentir virðast stundum sæta.<sup>30</sup>

Tímaritið *Vikan* fjallaði einnig um örvhendi árið 1975, í grein sem ber heitið „Ýmsir kostir geta fylgt því að vera örvhentur“. Greint er frá því að margir af frægustu listamönnum og íþróttamönnum heims séu örvhentir.<sup>31</sup>

Vitnað er í sömu grein í þýskan sálfræðing, Ulrich Noelle að nafni, sem meðal annars hafði tjáð sig um það að þeir sem örvhentir væru, og hefðu æft upp hægri hönd sína, væru jafnvígir á báðar hendur. Slíkt gæti komið sér vel, sérstaklega ef fólk skyldi slasast á annarri hendinni.<sup>32</sup>

Það þykja kannski ekki sérlega góð rök fyrir því að geta notað báðar hendur til jafns að nota þá vinstri ef hin hægri skyldi verða fyrir hnjaski.

<sup>28</sup> „Erfitt að vera örvhent“ bls. 5.

<sup>29</sup> „Stærsti vinstri hópurinn er nú í uppreisnarhug“, bls. 7 og 18.

<sup>30</sup> „Baráttudagur örvhentra“, bls. B1.

<sup>31</sup> „Ýmsir kostir geta fylgt því að vera örvhentur“, bls. 14.

<sup>32</sup> „Ýmsir kostir geta fylgt því að vera örvhentur“, bls. 15.

Í *Dagblaðinu* frá árinu 1978, er fjallað um örvhenta og líklega frá sjónarhóli einhvers sem hefur góðan skilning á því hvernig það er að vera örvhentur:

Níu af hverjum tíu [...] börnum eru eðlilega réttthent. Þar af leiðir að eitt af hverjum tíu er örvhent. Enginn hefur ennþá getað útskýrt hvaða orsakir eru fyrir þessu og er það eitt af leyndardómum mannlægs lífs. Eins og oft vill verða hefur hinn mikli meirihluti reynt að laga minnihlutann að sér og kúga hann, jafnvel þó það sé haft í huga að í heiminum eru um 200 milljónir örvhentra manna. Örvhentum hefur verið refsað og að þeim hlegið. Kennarar og foreldrar hafa lengi reynt að neyða börn sín til þess að taka upp háttu réttthentra.

Enn þann dag í dag er ekki litið á örvhent fólk sem venjulegt og spurningar eins og „ertu örvhentur?“ spurðar í forundran sýna það vel.

Tímaritið *Vikan* og Neytendasamtökin voru með sameiginlega umfjöllun um örvhenta og vandamál þeirra og birtist hún í *Vikunni* 1979. Umfjöllunin fólst í því að svara algengum staðhæfingum um örvhenta, svo sem þær að það sé gáfumerki að vera örvhentur, að þeir hafi meiri sköpunargáfu, hafi forskot í íþróttum, að örvhentir hljóðfæraleikarar séu ekki til, örvhentir séu fæddir klaufar, að þeir sem hafi verið látnir skrifa með hægri stami frekar, að það sé auðveldara fyrir örvhenta að skrifa frá hægri til vinstri. Sumar eru staðfestar, aðrar afsannaðar í umfjölluninni.<sup>33</sup>

Á þriðju og seinustu blaðsíðu umfjöllunarinnar, sem verður að teljast ein sú ítarlegasta um örvhendi sem birst hefur í íslenskum fjölmiðlum, var að finna sjálfspróf ætlað lesendum þar sem þeir gætu reiknað hve örvhentir þeir væru með að kanna með hvorri hendinni þeir: skrifa, teikna, kasta bolta, halda á hníf án gaffals, halda á skeið, með hvorri hendinni þeir stýra kústi, með hvaða hendi þeir halda á eldspýtu þegar kveikja skal á henni og með hvorri hendinni lok er tekið af öskju. Einnig var það kannað hvort einhver verslun á Íslandi væri með vörur ætlaða fyrir örvhenta og var þá farið í ritfangaverslanir og búsaðaldaverslanir. Í einni ritfangaversluninni var að finna skrautskriftarpenna fyrir örvhenta. Auk þess var í umfjölluninni bent á verslun í London sem sérhæfði sig í vörum fyrir örvhenta.<sup>34</sup>

<sup>33</sup> „Örvhentir og vandamál þeirra“, bls 38-40.

<sup>34</sup> „Örvhentir og vandamál þeirra“, bls. 40.



Í umfjöllun *Vikunnar* og Neytendasamstakanna má finna umfjöllun sem er ætluð til þess sérstaklega að hjálpa örvhentum, til dæmis með því að benda á hvar fáist verkfæri sérstaklega framleidd fyrir örvhenta, því vitað var að slík tól væru til. Með því að sanna og afsanna mýtur um að örvhentir séu þetta eða hitt, var reynt að uppfærða fólk um sérkennið. Þar er rennt stoðum undir það að það sé auðveldara fyrir örvhenta að skrifa frá hægri til vinstri, enda er betra að skrifa með því að færa rithendina frá miðju líkamans að jaðrinum, með því er hægt að forðast að höndin liggja yfir því sem verið er að skrifa. Þess vegna er algengasta skriftaraðferðin frá vinstri til hægri því það er þægilegasta skriftaraðferðin fyrir réttthenta sem eru um 90% mannkyns.

## 2.5 Viðhorf til örvhentra frá níunda áratug 20. aldar til fyrsta áratugs 21. aldar

Við upphaf níunda áratugarins er eins og almenningur hafi að einhverju leyti verið meðvitaður um að örvhentir þurfi öðruvísi verkfæri og búsaðhöld en réttthentir og þyki sjálfsagt mál að þeir hafi aðgang að þeim.

Í *Dagblaðinu* frá árinu 1981 er til að mynda bréf frá konu á neytendasíðu blaðsins, þar sem hún svarar um það hvort til séu búsaðhöld fyrir örvhenta. Hún kveðst sjálf vera örvhent, en noti oftast hægri hendina þar sem þess þurfi. Hún nefnir að til séu góð skæri ætluð örvhentum, straujárn sem eru með snúrunni í miðjunni en ekki hægra megin og kartöfluflysjara með bitinu vinstra megin. Meira telur hún ólíklegt að sé almennt til fyrir örvhenta á Íslandi.<sup>35</sup>

Hér er verið að kynna að til séu búsaðhöld fyrir örvhenta af örvhenti konu sem hálf t í hvoru afsakar það að hún sé örvhent með að hún geti gert flest með hægri hendinni. Hún segir þau ekki nauðsynleg fyrir alla örvhenta.

*Þjóðviljinn* gerði sitt í því að kynna skæri fyrir örvhenta í einu af tölublaði ársins 1982. Þar segir orðrétt: „Skæri fyrir örvhenta. Að vera örvhentur telst auðvitað ekki til fötlunar en reynið að klippa með vinstri hendinni, þið sem réttthentir teljist. Það er hreint ekki svo auðvelt. Þessi skæri eru framleidd úr ryðfríu stáli með handfangi úr plasti.“<sup>36</sup>

Í auglýsingunni voru einnig kynntar vörur sem voru ekki ætlaðar örvhentum. Auglýsingin telst jákvæð fyrir örvhenta, því það er verið að gefa það út að það sé alveg jafn nauðsynlegt fyrir örvhenta að fá skæri við sitt hæfi og það er fyrir réttthenta að eiga skæri við

<sup>35</sup> „Búsaðhöld fyrir örvhenta eru til“, bls. 4.

<sup>36</sup> „Hjálp við heimilisstörf“, bls. 12.

sitt hæfi. Hér má sjá að vitundarvakning hefur orðið um að örvhentir hafi örlítið aðrar þarfir en rétthentir. Rétt eins og á sjöunda og áttunda áratugnum ber lítið á greinum um örvhenta á níunda áratugnum, þá virðist vera sem það sé eðlilegt viðhorf til örvhenta að þeir eigi rétt á því að fá verkfæri við sitt hæfi.

Úr fáu er að moða þegar kemur að efni sem snýr að örvhentum í íslenskum fjölmiðlum fram á 10. áratuginn. Í *DV* árið 1996 birtist innsend grein frá lesanda á svokallaðri Lesendasíðu sem ber heitið „Örvhentir í vanda.“ Greinin er stutt og er á þennan veg:

Ég er [...] örvhentur og finnst eins og alls staðar sé miðað við að menn séu rétthentir. Pennar eru nánast undantekningarlaust hægra megin á borðum og vegna þess að þeir eru límdir niður er erfitt að nota þá. Ég er farinn að hafa penna alltaf meðferðis en mér finnst að menn mættu hugsa um þetta. Sums staðar eru bæði pennar hægra megin og vinstra megin.<sup>37</sup>

Vignir Bjarnason, örvhentur maður í Reykjavík skrifaði grein í Velvakanda *Morgunblaðsins* árið 2004. Hann lýsir ónægju sinni með að fyrirtæki lími penna sína hægra megin við afgreiðsluborð, að skrifur séu hannaðar þannig að rétthentir eigi betur með að herða þær, oh að sagir og fleiri verkfæri séu með bitið hægra megin. Auk þess er hann óánægður með að í sundlaugum sé fólki upplagt að synda rangsælis en ekki réttsælis, því rangsælis sé þægilegra fyrir réttthenta. Vignir er mjög óánægður með aðstöðu örvhentra og telur þá vera útundan í samfélaginu og spyr hvort að örvhentir eigi þá bara að nota reiðufé í verslunum og synda ekki í sundlaugum, hvort þeir fái þá afslátt. Hann bendir á að lítið mál sé að hafa sumar brautir ætlaða örvhentum sundmönnum og aðrar ætlaðar réttthentum sundmönnum.<sup>38</sup>

Í grein Vignis gætir kaldhæðni þegar hann nefnir að örvhentir ættu að fá eitt af hverjum fimm sætum í hæstarétti og jafnrétti allsstaðar í samfélaginu. Það dregur óneitanlega nokkuð úr heimildagildi pistilsins, en með fyrirvara þá er ljóst að Vignir er ekki alls kostar ánægður með hvernig tekið er á móti örvhentum í ýmiss konar fyrirtækjum og sundlaugum.

Ástæðan fyrir því að hlutir sem eru sniðnir fyrir aðra höndina fremur en hina eru jafnan gerðir fyrir réttthenta, stafar af því að flestir eru rétthentir og af því að fæstir sem eru ekki örvhentir sjálfir hugsa út í það að örvhentir eru aðeins öðruvísi en þeir og því sé nauðsynlegt að taka tillit

---

<sup>37</sup> „Örvhentir í vanda“, bls. 10.

<sup>38</sup> Vignir Bjarnason, „Jafnrétti“, bls. 33.

til örvhentra þannig að heimurinn rúmi þá líka. Frá fyrstu áratugum 20. aldar til upphafsára 21. aldar má sjá breytingar á viðhorfi til örvhendis og örvhentra. Fyrstu áratuginu gætti þess að venja ætti örvhent börn af örvhendinni með góðu eða illu, síðar var viðhorfið í þá átt að hyggilegast væri fyrir örvhenta að nota hægri höndina vegna þess að heimurinn sé gerður fyrir réttthenta. Seinustu áratugi 20. aldar og í upphafi 21. aldar hafa örvhentir verið nokkuð óáreittir með sérkenni sitt, það hefur orðið vakning í því að hjálpa örvhentum að aðlagast réttthentum heimi okkar.

### 3. Erlendar rannsóknir og rit um örvhendi

#### 3.1 Rit um örvhendi

Rannsóknir á örvhendi hafa verið fjölmargar í fræðasamfélögum heimsins í gegnum tíðina og þá aðallega í lífvísindum, sálarfræðum og læknisfræði. Einnig hefur verið fjallað um stöðu örvhentra í skólakerfum, en lítið hefur verið fjallað um félagslega þáttinn. Örvhendi er líffræðilegt og meðfætt sérkenni, rétt eins og til dæmis athyglisbrestur eða lesblinda.

Erlend umræða og erlendar rannsóknir sem snúa að örvhendi og örvhentum hafa aðallega snúist að því hvað orsaki örvhendi, og hvaða fylgikvillar eru tengdir henni. Orðræðan er í flestum tilfellum neikvæð gagnvart örvhentum, og sjaldnast komast vísindamenn að þeirri niðurstöðu að það sé eðlilegt að vera örvhentur.

Michael Barsley, örvhentur höfundur bókarinnar, *The Left-Handed Book. An Investigation into the Sinister History of Left-Handedness*, sem kom út árið 1966, skrifar í inngangi hennar að ótrúlega lítið hafi verið skrifað um þennan minnihluta sem örvhentir eru og fordómama sem þeir þurfi að berjast við. Örvhentir lifi í réttthentum heimi. Þess vegna sé ekki að undra að örvhentir þurfi að laga sig að annars komar heimi, sem snýr öfugt við þann heim en þann sem þeir myndu kjósa að búa í.<sup>39</sup>

Hann segir jafnframt að örvhentir tileinki sér andlega sjálfsstjórn, sem jafnan hjálpar þeim að þjást ekki of mikið í hinum réttthenta heimi.<sup>40</sup> Höfundurinn skrifar innganginn út frá reynslu sinni af því að vera örvhentur, en að mínu mati skortir tilfinnanlega í bókina lýsingu á því hvernig fólk tekst á við það að vera örvhent í hinum vestræna heimi og hvaða væntingar eru í raun gerðar til örvhentra, þegar þeim er leyft að vera óáreittir með sérkenni sitt.

Bókin fjallar að mestu um það hvernig talað hefur verið um örvhenta og hvaða heimsfrægu einstaklingar hafa verið örvhentir. Nefndir eru til sögunnar Leonardo da Vinci, Michelangelo, Sigmund Freud ásamt öðrum. Það er ekki óáhugavert í sjálfu sér að lesa um þessi merkismenni, en það er ekkert sem sannar það að Michelangelo hafi verið svo góður listamaður vegna þess að hann var örvhentur og ekki Leonardo da Vinci heldur, eða að Sigmund Freud hafi fundið upp sálgreininguna vegna sama sérkennis.

Í bókinni *A Left Handed History of the World*, sem kom fyrst út árið 2007 og er eftir Ed Wright, færir höfundurinn rök fyrir því að örvhentir snillingar eins og fyrrnefndir daVinci og Michelangelo, stórmenni eins og Alexander mikli og Jóhanna af Örk, Bandaríkjaforsetar eins og

---

<sup>39</sup> Michael Barsley, *The Left-Handed Book*, bls. 1.

<sup>40</sup> Michael Barsley, *The Left-Handed Book*, bls. 2-3.

Gerald Ford og Bill Clinton, hafnaboltagoðsögnin Babe Ruth ásamt öðrum heimsfrægum örvhentum hafi öll yfir sértækum eiginleikum sem hann telur fylgja sérkenni þeirra. Þar greinir hann hvers vegna t.d. Alexander mikli komst til þeirra valda er hann gerði og notfærir sér rannsóknir sem hafa verið gerðar og eiga að kortleggja örvhenta. Persónueinkenni þeirra örvhentra sem Wright skrifar um í bók sinni eru þessi: þekking byggð á innsæi, hluttekning í tilfinningum annarra, staðbundin sjónræn geta, öðruvísi hugsun, stórt skap, einfari, að lúta ekki lögmálum, mennta sig sjálf, fyrir tilraunastarfsemi, frjótt ímyndunarafli. Wright segir örvhenta þá sem taki áhættu í náttúrunni, og stundum beri áhættan árangur og nefnir mikilmennin sem eru uppistaða bókarinnar.<sup>41</sup>

Nálgun höfundarins á efninu er ágæt og frumlegri en nálgun Michael Barsley á sama efni rúmum fjórtíu árum áður, því hann er að reyna að greina örvhenta með því að taka tillit til ýmissa rannsókna sem hafa komið að örvhentum. Saga örvhentra í heiminum einskorðast ekki af tug fólks sem var örvhent og gerði merka hluti. Auk þess sem hann dregur ályktanir að örvhentir séu líklegir til þess að hafa þessi persónueinkenni sem hann lýsir, sem gerir þeim kleift að verða mikilmenni.

### 3.2 Eru örvhentir líklegri til þess að vera öðruvísi en aðrir?

Michael Barsley, sá sem skrifaði um örvhenta á sjöunda áratugnum, skrifaði líka um þær hugmyndir að örvhentir séu líklegri en aðrir til þess að fremja glæpi. Hann tekur sem dæmi að Kviðristu-Kobbi (e. Jack the Ripper), sem myrti vændiskonur í London á óhugnanlegan máta í lok 19. aldar, hafi verið örvhentur. Rannsókn á líki einnar vændiskonunnar leiddi í ljós að örvhentur maður hefði verið að verki.<sup>42</sup>

Þetta er auðvitað aðeins eitt dæmi, og aldrei fannst Kviðristu-Kobbi.

Niðurstöður rannsóknar Norman Geschwind og Peter Behan frá árinu 1982, gaf til kynna að örvhentir væru í frekara mæli með lærdómsörðugleika, sjúkdóma tengda ónæmiskerfinu og mígreni. Rannsóknin gekk út á það að sanna að sjúkdómar tengdir ónæmiskerfinu væri algengari með örvhentra og í fjölskyldum þeirra.<sup>43</sup>

D.V.M. Bishop, sálfræðingur, gaf út árið 1990 bókina *Handedness and Developmental Disorder*. Titill bókarinnar myndi vera á íslensku örvhendi, rétthendi og þroskaröskun.

<sup>41</sup> Ed Wright, *A Left- Handed History of the World*, „Introduction“.

<sup>42</sup> Michael Barsley, *The Left-Handed Book*, bls. 158.

<sup>43</sup> Norman Geschwind og Peter Behan, „Left-handedness: Association with immune disease, migraine, and developmental learning disorder“, bls. 5097.

Þroskaraskanir geta verið ýmsar og eru í bókinni færð rök fyrir tengslum á milli örvhendis og þroskaröskunar. Kaflar eru um tengsl milli örvhendi og heilaskaða á fósturstigi, flogaveiki, þroskaskerðingar, einhverfu, Rett-heilkennisins, lesblindu, stam og tal og tungumálaörðugleika.<sup>44</sup>

Sjá mátti þegar rýnt var í efnisyfirlit bókarinnar að höfundurinn reyndi að finna samhengi milli fyrirtalra þroskaraskana og örvhendis. Í köflunum er fjallað kenningar þess efnis að þeir sem eru örvhentir séu líklegri en aðrir til þess að þjást af þroskaröskunum og höfundur telur mikilvægt að málefnið sé rannsakað á réttan hátt. Í niðurstöðum ritsins skrifar höfundur að ekki eigi að spyrja hvort „lestrarörðugleikar tengist örvhendi“, heldur „af hverju sé það mögulegt að örvhendi og lestrarörðugleikar tengist“.<sup>45</sup>

Það er rétt ályktað hjá Bishop að það skiptir ekki máli hvort þroskaraskanir og örvhendi tengist, heldur getur það skipt máli af hverju örvhendi og þroskaraskanir tengjast, og þá er hægara að rannsaka orsakirnar. Markmiðið með rannsóknum á þroskaröskunum á auðvitað að vera það að gera þeim sem hafa þroskaraskanir auðveldara um vik og hjálpa þeim í daglegu lífi. Það á ekki að stimpla það þannig að ef þú ert örvhentur þá sért þú líklegri til þess að hafa ýmiss konar andlega kvilla. Það þykir neikvæð orðræða, en öllu jákvæðara er að finna hver tengslin eru í ljósi þess að það gæti einn daginn hjálpað til þess að hjálpa þeim sem eru örvhentir og með þroskaröskun af einhverju tagi.

Margar mýtur hafa löngum verið á sveimi um hvað orsaki örvhendi. Sem dæmi má nefna að árið 1981 birtist um það frétt í *Tímanum* að við háskólann í Manchester á Englandi hafi verið framkvæmd rannsókn á 1000 verðandi mæðrum þar sem kom í ljós að ef þær voru 39 ára og frumbyrjur fæddust börn þeirra í allt að 50% tilfella örvhent. Fréttinni lýkur með þessum orðum: „Þykir þetta benda til að í legi mæðranna búi leyndardómurinn.“<sup>46</sup> Líklegast hafa vísindamennirnir ekki komist að þeirri niðurstöðu að legið ákvarðaði slíkt, heldur höfundur greinarinnar.

Fréttin birtist á síðu tvö í blaðinu, í fastadálknum: „Í spegli tímans“ þar sem alla jafna voru birtar slúðurfréttir og fréttir af léttari taginu. Það má því taka fréttinni með nokkrum fyrirvara.

Tæpum tíu árum síðar, árið 1990, birtist frétt um niðurstöður kanadískrar rannsóknar í sama dagblaði þar sem það var fullyrt af taugalíffræðingum og sálfræðingum að það væru

---

<sup>44</sup>D.V.M. Bishop, *Handedness and Developmental Disorder*, bls. vii.

<sup>45</sup>D.V.M. Bishop, *Handedness and Developmental Disorder*, bls. 168.

<sup>46</sup>„Af hverju er fólk örvhent?“, bls. 2.

tengsl á milli þess að vera örvhentur og að laðast að sama kyni, eða með öðrum orðum að vera samkynhneigður. Dr. Edward Kingstone, einn af rannsakendum sagði að þetta orsakaðist af hormónaójafnvægi sem væri meðfætt, og að örvhendi og samkynhneigð væru meðfædd sérkenni, en varaði við því að örvhentir væru bendlaðir við samkynhneigð þar sem flestir örvhentir væru gagnkynhneigðir.<sup>47</sup> Rannsóknin leiddi í ljós að mögulega eru einhver tengsl talin vera á milli þess að vera örvhentur og að vera samkynhneigður.

Ári seinna, eða 1991 birti *DV* svipaða grein úr annarri kanadískri rannsókn þar sem sagt var frá því að um 30% kynskiptinga sem rannsakaðir voru voru örvhentir, en annars eru örvhentir 10% mannkyns. Rannsóknin var eingöngu gerð á konum sem fæddar voru í karlmannslíkama.<sup>48</sup> Svipuð rannsókn var kynnt í *Archives for Sexual Behavior* árið 2003 af Richard A. Lippa. Þar var kynnt að samkynhneigðir, bæði kyn væru 50% líklegri til þess að vera örvhent en gagnkynhneigðir. Í ljós kom að ef aðeins konur voru teknar fyrir þá voru 22% meiri líkur á þær samkynhneigðu væru örvhentar en þær gagnkynhneigðu, og meðal samkynhneigðu karlanna voru 82% meiri líkur á að þeir væru örvhentir.<sup>49</sup>

Í sama tímariti tveimur árum síðar voru birtar niðurstöður rannsóknar sem kom að því að rannsaka 404 menn sem höfðu ólöglegar hneigðir til kynlífs, og fólst hún meðal annars í því að láta einstaklingana gangast undir The Edinburgh Handedness Inventory, sem er könnunarpróf á því hvor höndin er ríkjandi hjá einstaklingi. Fram kom að þeir einstaklingar sem haldnir voru barnagirnd voru tvisvar sinnum líklegri til þess að vera örvhentir en þeir sem voru haldnir öðrum ólöglegum hneigðum til kynlífs. Niðurstöðurnar má samkvæmt rannsókninni bera saman við rannsóknir á þroskaröskunum svo sem einhverfu og má tengja við það að barnagirndin þróist í taugakerfinu.<sup>50</sup>

Sagt er frá nýrri hollenskri rannsókn í *Fréttablaðinu* 2005 þess efnis að örvhentar konur á breytingaskeiði eða eftir það væru tvisvar sinnum líklegri til þess að fá brjóstakrabbamein en réttthentar konur. Þar er tekið fram að breskir vísindamenn drægju niðurstöðurnar í efa og segðu þær ekki marktækar, þar sem svo lítið sé vitað um orsök brjóstakrabbameins. Mælt er með því að bæði örvhentar og réttthentar konur þreifi brjóst sín.<sup>51</sup>

---

<sup>47</sup> „Kanadísk rannsókn. Hommar og lesbíur eru fremur örvhent“, bls. 4.

<sup>48</sup> „Heilaskaði í fæðingu leiðir til kynskipta“, bls. 9.

<sup>49</sup> Richard A. Lippa, „Handedness, Sexual Orientation, and Gender-Related Personality Traits in Men and Women“, bls. 103.

<sup>50</sup> James M. Cantor, „Handedness in Pedophilia and Hebephilia“ bls. 447.

<sup>51</sup> „Örvhentir líklegri til að fá brjóstakrabbamein?“, bls. 22.

Í *Fréttablaðinu* frá árinu 2007 var sagt frá „geni örvhentra“, sem vísindamenn höfðu í fyrsta sinn uppgötvað, en genið ber heitið LRRTM1. Við lesturinn kom í ljós að þeir sem hafa genið í sér verða ekki endilega örvhentir, heldur getur genið aukið líkurnar á örvhendi. Genið á einnig að auka líkur á geðklofa.<sup>52</sup>

Rannsóknirnar, og þær eru aðeins sýnishorn af þeim rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið um örvhendi, hafa flestar verið kynntar stuttlega í dagblöðum á Íslandi, en þar sem þær hafa birst eru þær aðeins nokkrar setningar og aðeins ætlaðar til gagns og gamans, rétt eins og það efni sem birtist almennt um örvhendi í íslenskum fjölmiðlum á seinni hluta 20. aldarinnar, ber til kynna að þeir íslensku blaðamenn sem skrifuðu fréttirnar af örvhendisrannsóknum úti í heimi, hafi sjálfir haft frekar neikvætt viðhorf til örvhentra en jákvætt og því birt rannsóknir sem hafi neikvæða orðræðu í för með sér.

---

<sup>52</sup> „Gen sem virðist skera úr um hvort fólk verði rétt hent eða örvhent. Gen örvhentra líklega fundið“ , bls. 12.



## 4. Viðhorf til örvhentra innan skólakerfisins

### 4.1 Örvhentir í námskrám

Örvhent börn þurfa helst á aðstoð að halda á fyrstu skólaárum sínum ef þau eiga að ná grundvallaratriðum markmiða grunnskólans fyrir fyrstu ár hans, rétt eins og öll önnur börn sem sækja íslenska grunnskóla. Á Íslandi er grunnskólinn annað skólastigið, og tekur hann við af leikskólastiginu. Í fyrsta bekk er hafist handa við að kenna börnum að lesa og skrifa. Börnin fara einnig í sérgreinakennslu eins og hönnun og smíði, listgreinar og heimilisfræði. Í þessum kafla verður fjallað um hvaða hindranir örvhentir mæta í skólakerfinu vegna sérkennis síns og varpað ljósi á það hvernig viðhorf hafa breyst til örvhentra barna í skólakerfinu á síðustu áratugum.

Í *Námsskrá fyrir börn á fræðsluskyldualdri*, sem Menntamálaráðuneytið gaf út árið 1960, má finna málsgrein um það hvað kennarar eigi að taka tillit til þegar kenna á börnum skrift, sem þá var sérstök málsgrein: „Stóll og borð þarf helzt að vera mátulega hátt. Sjón galla hjá barni þarf að athuga og laga. Örvhent barn ætti ekki að knýja til að skipta um hönd, en laða til þess, ef unnt er. Gæta skal þess, að skriftartíminn verði ekki þreytandi.“<sup>53</sup> Í námsskránni er einnig að finna ýmislegt um það hvernig haga á námi barna í grunnskóla í hinum ýmsu málsgreinum, en aðeins er minnst á örvhent börn í þessari einu málsgrein í námsskránni. Í ítarlegri útlistun á hannyrðum drengja og stúlkna er aldrei minnst á hvað eigi til bragðs að taka þegar örvhent börn eiga að smíða, prjóna eða sauma.

Í námsskrám grunnskóla sem gefnar hafa verið út af Menntamálaráðuneytinu eftir að *Námsskrá fyrir börn á fræðsluskyldualdri* kom út árið 1960, en þær eru orðnar nokkuð margar, er ekki minnst aftur á örvhent börn sérstaklega. Kennurum er hvergi gefin ráð um það hvernig aðstoða skuli örvhent börn, nema þá helst í leiðbeiningum kennara í skriftarkennslu, en þar eru gefin einstöku ráð um hvernig skuli aðstoða þau til að læra að skrifa. Svo virðist sem örvhentir hafi að vissu leyti orðið útundan eftir að hætt var að knýja þá til þess að nota hægri höndina eftir miðbik 20. aldarinnar á Íslandi.

Í nýjustu aðalnámsskrá grunnskóla á Íslandi, sem var gefin út af Menntamálaráðuneytinu 2013 segir:

Nemendahópur í grunnskóla er fjölbreyttur og þarfir þeirra mismunandi. Sveitarfélög skulu sjá til þess að skólaskyld börn [...] fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra eins og þær eru metnar. Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem

---

<sup>53</sup>*Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*, bls. 18.

eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.<sup>54</sup>

Í þessari málsgrein er minnst á að skólaskyld börn fá þann stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir eins og þær eru metnar.

Örvhentir hafa sérkenni, þeir nota vinstri höndina meira þar sem hún er þeirra ríkjandi hendi. Sérkennið telst ekki til fötlunar, en það að örvhentir nemendur í grunnskólum fái skriftarkennslu við sitt hæfi og handavinnukennslu við sitt hæfi eru sérþarfir þeirra, ekki byggðar á fötlun eða sértækum námsörðugleikum og er það sjálfsagt að örvhentir fái þá aðstoð sem þeir þurfa.

#### 4.2 Viðhorf til örvhentra nemenda í kennslufræðum

Um leið og kennari tekur við sex ára barni í fyrsta bekk fyrsta skóladaginn, hefst skriftarkennslan. Örvhent börn eiga erfiðara með að tileinka sér skrift en réttthent börn vegna þess að þau þurfa að skrifa frá vinstri til hægri, það er þeim erfiðara af þeirri ástæðu að það er erfiðara að skrifa út frá jaðri líkamans og að miðju hans, rétt eins og áður hefur komið fram þá liggur höndin yfir því sem verið er að skrifa. Réttthentir skrifa frá miðju líkamans að jaðri hans, hönd þeirra liggur ekki yfir því sem verið er að skrifa.

-Til eru aðferðir sem eru viðurkenndar í skriftarkennslu barna og hefur verið nokkuð ritað um þann málaflokk.- Árið 1964 gaf hinn norski Tore Vassdal út bókina, *Venstrehendte barn i skolen*. Bókin fjallar um örvhent börn í grunnskólum. Hún er tæplega 50 ára gömul, og í henni glímir höfundurinn við það hvernig kennarinn á að reyna að hvetja örvhentan nemanda sinn til þess að þjálfar upp hægri hönd sína í til dæmis skrift. Að auki þarf kennarinn að byggja skriftarkennsluna þannig upp að örvhentir og réttthentir fái sem mest út úr henni.<sup>55</sup> Sú skoðun er ríkjandi hjá höfundi að ekki megi mismuna nemendunum á grundvelli sérkennis.

Vassdal leggur áherslu á að þrátt fyrir að hans besta lausn á vandamálinu með örvhenta sé að reyna að þjálfar örvhent börn í því að nota hægri hönd sína í skólanum, þá megi ekki gera upp á milli réttthentu og örvhentu nemendanna og því þurfi kennarinn að reyna að spegla það sem er oftast gert í kennslunni með hægri hönd yfir á þá vinstri til þess að leitast við að leiðbeina

<sup>54</sup> Aðalnámskrá grunnskóla- almennur hluti 2011- greinasvið 2013, bls. 43.

<sup>55</sup> Tore Vassdal, *Venstrehendte barn i skolen*, bls. 7- 8.

örvhentu börnunum. Hann segir það vissulega erfitt fyrir kennarann að framkvæma og krefjast það mikillar þjálfunar fyrir hann. Það sé mjög erfitt í skriftarkennslunni þar sem skriftin sjálf sé í raun ekki byggð upp fyrir örvhenta, en í hannyrðum verði handavinnukennari líka að geta hjálpað örvhentum nemendum sem ekki geta notað hægri höndina að læra hannyrðir með vinstri hönd.<sup>56</sup>

Í raun er Tore Vassdal ekki að halda því fram að örvhent börn megi ekki nota hægri höndina, heldur eigi að reyna að þjálfu upp hægri hönd hjá örvhentum börnum svo fremi sem það er hægt, vegna þess að þá glími börnin við minni hindranir í framtíðinni, því að heimurinn er miðaður við réttthenta. Hann hvetur til þess að foreldrar reyni líka að þjálfu upp hægri hönd örvhentra barna sinna. Vassdal leggur áherslu á að örvhent börn, sem ekki geti notað hægri höndina, læri að skrifa með vinstri og að þau geti notað vinstri höndina í handavinnu og krefst þess að kennararnir tileinki sér kunnáttuna að svo miklu leyti að þeir geti eftir bestu getu aðstoðað nemendur sína. Nefnt er að það sé erfiðara fyrir örvhent börn að skrifa þar sem ljós í kennslustofum er oft frá vinstri og vinstri höndin skyggi þar með á ljósið, sem gerir það að verkum að börnin sjái stundum verr hvað þau eru að skrifa en réttthentir.<sup>57</sup> Það er vegna þess að höndin liggur yfir því sem verið er að skrifa og ljósið nýtist örvhentum stundum verr. Sama athugasemd hefur sést í nýrri rannsóknum og þá hefur það verið lagt til að ljós verði stillt þannig í kennslustofum að þau henti bæði örvhentum og réttthentum, en Vassdal notar athugasemdina um ljósið fyrst og fremst til þess að færa rök fyrir því að örvhentum börnum sé í raun fyrir bestu að nota hægri höndina. Hann gefur sér fyrirfram mótaðar ástæður, jafnframt því sem hann krefst þess af kennurum að hjálpa samt sem áður örvhentum nemendum sínum af bestu getu.

Svipaða frásögn er að hægt að nálgast í íslenskum kennsluleiðbeiningum um skrift í grunnskóla sem gefnar voru út árið 1984. Þar segir um vinstri handar skrift:

Þegar nemendum er miklu tamara að beita vinstri hendi og hún er allsráðandi í hreyfingum og við störf og leik, þá er rétt að nemandinn læri að skrifa með henni. Með góðri leiðsögn má að miklu leyti draga úr þeim óþægindum sem eru samfara vinstri handar skrift. Góður árangur er undir því kominn að barnið njóti sem bestar aðstöðu og leiðbeiningar við skriftarnámið og tileinki sér rétta og hagkvæma skriftarstillingu. Mörgum nemendum er næstum jafn tamt að nota vinstri hönd og hægri hönd. Ef svo er er rétt að venja nemendur við að nota hægri hönd við skriftarnámið.

<sup>56</sup>Tore Vassdal, *Venstrehendte barn i skolen*, bls. 26-27.

<sup>57</sup>Tore Vassdal, *Venstrehendte barn i skolen*, bls. 28-29.

Það væri rangt að hvetja greinilega örvhentan nemanda til að nota hægri hönd við skriftarnám og það er einnig rangt að hvetja ekki nemanda, sem á álíka auðvelt með að beita báðum höndum til að nota hægri hönd við skriftarnámið.<sup>58</sup>

Samkvæmt þessum upplýsingum á að beita svipuðum aðferðum og lýst var í bók Tore Vassdal, *Venstrehendte barn i skolen*. Það kemur jafnframt í leiðbeiningum um vinstri handar skriftina að það sé mikilvægt að vita hvort örvhenta barnið sé einnig örvfætt og örveygt og séu kennarar í miklum vafa hvað þeir eigi að gera við örvhentan nemanda þá skuli þeir nota „The Iowa Hand Preference Test“, könnun sem fundin var upp sérstaklega til þess að finna út fyrir víst hvora hendina barnið skuli nota.<sup>59</sup>

Á 20 ára tímabili, eða frá því að bók Vassdal kom út 1964 og þar til skriftarleiðbeiningarnar komu út 1984, hafði lítið breyst í afstöðu fagfólks innan skólakerfisins um hvernig meðhöndla ætti örvhenta nemendur í skriftarkennslu. Nýrri heimildin sýnir fram á það að til er könnun sem geti verið kennurum stuðningur við það að finna út hvora höndina grunnskólabarnið skal nota. Barn sem er ekki *algerlega* örvhent, jafnvel jafnvígt á báðar hendur, sem getur þjálfað upp hægri höndina á tvímælalaust að gera það samkvæmt báðum heimildum. Það á ekki að gefa slíku barni kostinn á því að velja á milli.

Árið 1987 kom út bókin *Språk, mediasjon og intellektuell vekst i teori og praksis*, og var hún skrifuð af norskum sérkennara, Anne Beata Amundsen. Þar er að finna kafla um örvhenta nemendur og spyr Amundsen í bók sinni sjálfa sig að því hvort það sé ekki staðreynd, að eftir að örvhent börn fengu meira að vera í friði með sérkenni sitt eftir miðbik 20. aldarinnar þá hafi verið farið að hunsa það vandamál að örvhentu börnin þyrftu samt sem áður leiðsögn í skrift.<sup>60</sup> Amundsen skrifar að örvhent börn verði fyrr þreytt, mæti fleiri hindrunum en réttthent börn og gefist fyrr upp, þess vegna eigi börnin ekki aðeins að mæta umburðarlyndi kennara sinna heldur þurfi kennararnir í auknum mæli að hugsa upp aðferðir til þess að hjálpa hverjum nemanda fyrir sig.<sup>61</sup>

Amundsen skrifar, rétt eins og Tore Vassdal, að örvhent börn þurfi að fá ljósið frá hægri, en hún skrifar það í þeirri von að talsmenn örvhentra barna fái því framgengt. Hún minnst á það að þar sem örvhentir ýta á blaðið þurfi að taka tillit til pennavalsins og að börnin

---

<sup>58</sup> Björgvin Jósteynsson, *Skrift í grunnskóla. Kennsluleiðbeiningar*, bls. 32.

<sup>59</sup> Björgvin Jósteynsson, *Skrift í grunnskóla. Kennsluleiðbeiningar*, bls. 32.

<sup>60</sup> Anne Beata Amundsen, *Språk, mediasjon og intellektuell vekst i teori og praksis*, bls. 110-111.

<sup>61</sup> Anne Beata Amundsen, *Språk, mediasjon og intellektuell vekst i teori og praksis*, bls. 111.

þurfi að fá að sitja hærra uppi en réttthent börn vegna þess að þau þurfi að beita líkamanum öðruvísi þegar þau skrifa.<sup>62</sup>

Höfundur þessarar kennslufræðibókar var sérkennari og því meðvituð um sérþarfir nemenda sinna. Það er óhætt að fullyrða að kennarar geti, með tiltölulega lítilli fyrirhöfn, létt lífið hjá örvhentum nemendum sínum til muna, sem þeir búa að alla ævi.

Í greininni „Helping Left-Handed Children Adapt to School Expectations“, eftir hina bandarísku Gloriu Wenze, frá árinu 2004, kemur fram að örvhent börn sem byrja í grunnskóla mæti ekki aðeins þeim kröfum að þurfa að aðlagast nýju umhverfi skólans, heldur þurfi þau að læra nýja handakunnáttu í umhverfi sem hannað er fyrir réttthenta og það geti gert þau ringluð, því það sem snýr rétt fyrir þeim snýr oftast öfugt við réttthentum.<sup>63</sup> Wenze skrifar að kennarar sem hún hafi rætt við hafi tekið eftir að foreldrar bæðu þá ekki um að taka tillit til sérkennis barna sinna, heldur sæju börnin að mestu leyti um að minna á sig sjálf. Nemendur sem Wenze ræddi við af framhaldsskólastigi sögðu margir að kennarar hjálpuðu þeim ekki nema á fyrstu skólaárunum, seinni ár hefðu foreldrar þeirra gert sitt besta til þess að hjálpa þeim með sérkennið.<sup>64</sup>

Um þessar mundir virðist stór hluti nemenda hvers almenns grunnskólabekks á Íslandi hafa fengið einhvers konar greiningu. Með greiningu er hægt að hjálpa nemendum sem til dæmis glíma við lesblindu, skrifblindu, ofvirkni, athyglisbrest og fleira. Örvhendi er ekki sérlega mikið vandamál í grunnskólanum, þar sem nemendurnir spjara sig oftast sjálfir. Lesblindir nemendur þurfa að glíma við sérkenni sitt eða fötlun sína alla tíð, á meðan örvhentir nemendur eru að mestu leyti sjálfir látnir finna út hvernig þeir eigi að spjara sig, skera sig ekki út úr hópnum. Hægt er að greina örvhendi með tiltölulega auðveldum aðferðum og prófunum. Í sambandi við skriftarkennslu örvhentra barna finnast mörg ráð til þess að létta þeim lífið, svo þau skerist sem minnst út úr nemendahópnum í skólanum.

### 4.3 Að vera örvhentur

Skrif um stöðu örvhentra íslenskra skólabarna og viðhorf til þeirra í íslensku fræðasamfélagi eru af skornum skammti. Ein lokaritgerð frá Kennaraháskóla Íslands í kennsluvísindum, sem kallast, „Að vera örvhentur“, var lögð fram árið 1993. Því hefur aðeins ein ritgerð verið skrifuð í

---

<sup>62</sup> Anne Beata Amundsen, *Språk, mediasjon og intellektuell vekst i teori og praksis*, bls. 117-119.

<sup>63</sup> Gloria Wenze, „Helping Left- Handed Children Adapt to School Expectations.“, bls. 26.

<sup>64</sup> Gloria Wenze, „Helping Left- Handed Children Adapt to School Expectations.“, bls. 29-30.

kennslufræðum um örvhendi síðastliðinn 20 ár. Mun fleiri ritgerðir eru til um lesblindu, og ofvirkni- og athyglisbrest. Af þessu má ætla að þessar raskanir teljist líklega í fræðasamfélaginu vera mikilvægari sérkenni eða fötlun en örvhendi. Um það má deila, þrátt fyrir að púðri sé eytt réttilega í þau börn sem hafa þessar raskanir og námsörðugleika, þá mega örvhentu börnin ekki gleymast.

Í ritgerðinni „Að vera örvhentur“, sem er skrifuð af þeim Önnu Lísu Sigurjónsdóttur og Hjördís Kristinsdóttur, er efni ritgerðarinnar, að vera örvhentur nemandi í grunnskóla, kynnt svo:

-Í dag er því þannig varið að kennarar leyfa nemendum sínum að skrifa með þeirri hönd sem þeim þykir best. Fjöldi örvhentra hefur aukist þar sem skólarnir viðurkenna örvhendi eins og hvað annað og eru foreldrar í flestum tilfellum hættir að skammast sín fyrir örvhendi barna sinna.<sup>65</sup>

Ekki er að finna eina einustu tilvísun til heimildar í þeirri fullyrðingu höfundanna að fjöldi örvhentra hafi aukist þar sem foreldrar og kennarar viðurkenna nú örvhendi barna. Hægt væri að draga þá ályktun að þeir telji örvhendi áunnið sérkenni fremur en meðfætt. Höfundarnir reyna jafnframt að útskýra hvers vegna örvhent börn hafi ekki fengið nægilega góða leiðsögn, sem kunnir að vera vegna þekkingarleysis kennara þeirra og því sé útkoman í skrift örvhentra barna mjög mismunandi.<sup>66</sup> Örvhent börn skrifa á marga mismunandi máta af þeirri ástæðu að kennarar þeirra hafa ekki þekkingu til þess að kenna þeim ein rétt vinnubrögð. Vandinn liggur ekki hjá börnunum heldur grunnskólanum og kennurunum þar með. Kennarar örvhentra nemenda átta sig mögulega margir hverjir ekki á því að það þurfi að leiðbeina örvhentum sérstaklega í skrift.

Höfundarnir tóku viðtöl bæði við kennara og nemendur. Þeir ákváðu að spyrja kennara „um viðhorf og viðleitni til að koma til móts við örvhenta nemendur.“ Þeir fengu þrjá kennara, (almennan kennara sem myndi teljast vera almennur bekkjarkennari), handavinnukennara (textílkennara) og sérkennara til þess að svara spurningum þeirra um viðhorf sín og viðleitni til að koma til móts við örvhenta nemendur sína.<sup>67</sup>

Hinn almenni bekkjarkennari var spurður að því „hvort örvhentir nemendur ættu frekar við einhverja erfiðleika að etja hvað varðar nám en þeir réttthentu.“ Kennarinn svaraði

<sup>65</sup>Anna Lísa Sigurjónsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, bls. 11.

<sup>66</sup>Anna Lísa Sigurjónsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, bls. 12.

<sup>67</sup>Anna Lísa Sigurjónsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, bls. 26.

því neitandi og sagði örvhenta nemendur ekki vera frábrugðna öðrum nemendum, og að engin viðhorfsbreyting hafi orðið á á þeim 22 árum sem hann hafði starfað sem kennari. Hann skipti sér ekki af því hvora höndina nemendurnir notuðu. Kennarinn sagðist ekki bjóða upp á skæri eða önnur verkfæri ætluð örvhentum í skólastofu sinni, sagði að nemendur sínir klipptu með skærum fyrir réttthenta.<sup>68</sup> Ályktanir höfundar ritgerðarinnar eru á þann veg eftir viðtalið við almenna bekkjarkennarann að kennarinn sjálfur sé örvhentur, en notar hægri höndina við skriftir og það sé ástæðan fyrir því að hann sé svona áhugalaus um sérkenni örvhentra nemenda sinna eins og fram kom í viðtalinu, en hæpið er að álykta viðhorf allra bekkjarkennara af viðhorfi eins kennara.

Textílkennarinn var spurður að því „hvort nemendur í handavinnu þyrftu sérstaka hjálp og hvort kennarinn þyrfti að leggja sig meira fram t.d. við að kenna örvhentum að þrjóna.“ Kennarinn svaraði að hann kynni að þrjóna réttthent og örvhent og gæti því leiðbeint örvhentum nemendum sínum í þrjónakennslu. Kennarinn sagði að sumir örvhentu nemendanna læri að þrjóna örvhent hjá sér en þrjóni seinna réttthent því foreldrarnir geti ekki hjálpað þeim að þrjóna örvhent heima fyrir. Hann var einnig spurður hvort að verkfæri fyrir örvhenta, s.s. skæri væru til og játaði kennarinn því. Að lokum var hann spurður hvort að textílkennurum væri almennt kennt í Kennaraháskóla Íslands að kenna örvhentum að þrjóna. Hann sagðist hafa gert það sjálfur á þeim tíma er hann sjálfur kenndi við Kennaraháskólann, en vissi ekki hvort það væri enn gert eftir að hann hætti þar kennslu.<sup>69</sup>

Höfundarnir komast að þeirri niðurstöðu að handavinnukennarar leggi almennt meira á sig en almennir bekkjarkennarar við að leiðbeina nemendum sínum, en vilja ekki fullyrða þar sem viðtöl voru tekin við aðeins þrjá kennara. Kennarar leggi almennt ekki mikið á sig til að leiðbeina örvhentum nemendum sínum sérstaklega.<sup>70</sup> Lokaniðurstöður ritgerðarinnar eru nokkuð villandi, í lokaorðum stendur:

Þó svo að aðbúnaður nemenda í skólum sé nú allgóður er ljóst að kennarar ættu að vera meira vakandi fyrir örvhentum nemendum í bekk sínum og koma þeim til aðstoðar ef þurfa þykir svo lítið beri á. Sumir kennarar taka hefti í sundur og hefta þau hægra megin til að auðvelda örvhentum nemendum að skrifa í þau. Allir kennarar ættu að hafa skæri ætluð örvhentum í skólastofunni og þegar örvhent barn hefur skólagöngu sína ætti kennari að leiðbeina nemendum um sætisval og einnig hvað varðar skriftarstellingar.

<sup>68</sup> Anna Lís Sigurjónsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, bls. 26-27.

<sup>69</sup> Anna Lís Sigurjónsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, bls. 27-28.

<sup>70</sup> Anna Lís Sigurjónsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, bls. 29.

Ummæli þeirra kennara sem fylgdust með gerð ritgerðarinnar sýna að hún vakti þá greinilega til umhugsunar um aðbúnað örvhentra barna í skólanum. Sem dæmi má nefna að margir kennarar vissu ekki áður hvort þeir hefðu örvhenta nemendur í bekknum sínum eða ekki.

Samkvæmt niðurstöðum okkar teljum við ekki ástæðu til þess að kanna örvhendi í skóla frekar þar sem það virðist ekki vera vandamál.<sup>71</sup>

Höfundarnir skrifa svart á hvítu í niðurstöðum sínum að kennarar þurfi að leiðbeina örvhentum nemendum sínum eins og henti þeim. Einnig segir að margir kennara viti almennt ekki og séu ekki meðvitaðir um hverjir nemenda þeirra eru örvhentir og hverjir eru það ekki. Sem teljast eðlilegar niðurstöður eftir rannsóknarefni ritgerðarinnar. Samt sem áður virðist þeim ekki þykja ástæða til þess að kanna örvhendi skólabarna frekar, þar sem það er ekki, að þeirra mati, vandamál.

Það er vandamál ef örvhent börn fá ekki þá aðstoð sem þau þurfa og eiga rétt á í skólanum. Það virðist vera sem svo að ekki hafi verið tekið að öllu leyti á vandamálinu sem hafði að stóru leyti myndast af afskiptaleysi skólakerfisins á örvhentum nemendum þegar ritgerðin var skrifuð.

---

<sup>71</sup>Anna Lía Sigurjónsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, bls. 31.



## 5. Örvhentir um örvhendi

### 5.1 Viðtöl við örvhenta á aldrinum 38 ára til 65 ára.

Hvað hafa örvhentir að segja um sérkenni sitt, skólagöngu sína og viðhorf sín til þess að vera örvhentir. Tíu örvhentir einstaklingar á aldrinum 13-65 ára voru teknir tali og þeir spurðir nokkurra spurninga um sérkenni sitt.<sup>72</sup> Allir viðmælendurnir voru spurðir sömu spurninga og var nokkuð jafnt kynjahlutfall í úrtakshópnum, sex konur og fjórir karlar. Samtölin við einstaklingana verða birt og er sá hátturinn á að skipta hópnum í tvennt, eldri og yngri. Þeir sem talað var við í eldri hópnum eru á aldrinum 38 ára til 65 ára. Þeir sem eru í yngri hópnum eru á aldrinum 13 ára til 33 ára.

Elsti viðmælandinn var 65 ára kona. Hún uppgötvaði að hún var örvhent þegar hún var sjö ára og nýbyrjuð í grunnskóla. Aðspurð að því hvort hún hafi fengið aðstoð frá foreldrum sínum og/eða kennurum við að nota vinstri höndina svaraði hún: „Mamma passaði að ég væri ekki þínd til að nota hægri við að skrifa í skóla.“<sup>73</sup>

Sigrún Sigurðardóttir er fædd árið 1948, og þá hefur enn tíðkast sums staðar á Íslandi að reyna að venja börn í grunnskólum af örvhendinni. Hún hefur verið sjö ára þegar hún byrjaði í fyrsta bekk, og var það árið 1955. Móðir hennar greip inn í þegar átti að kenna henni að læra að nota hægri höndina í stað þeirrar vinstri og fékk hún að skrifa með vinstri í skólanum. Það samræmist þeim hugmyndum sem Símon Jóh. Ágústsson kynnti í grein sinni „Hægri hönd og vinstri“ í *Skírni* 1950, eða fimm árum áður. En hugmyndir hans voru á þá leið að það ætti að reyna að venja barn á að nota hægri hendi, því það væri því fyrir bestu, en ekki neyða það til þess, því það gæti haft slæmar afleiðingar í för með sér fyrir barnið.<sup>74</sup>

Þótt hún hafi fengið að vera í friði með sérkenni sitt, fékk hún aldrei neina sérstaka aðstoð við að læra að skrifa í skólanum. Hún fékk enga aðstoð í hannyrðum, þegar hún var í grunnskóla þá tíðkaðist enn að stúlkur lærðu sauma og hannyrðir en strákar lærðu smíðar. Amma hennar kenndi henni að sauma með nál og prjóna rétt hent þegar hún var fimm ára gömul og það gerir hún enn. Hún sagði að það hafi verið erfitt fyrir hana að læra að hekla því enginn gat kennt henni það í skólanum.

Aðspurð að því hvað hún vildi sjá að betur væri gert fyrir örvhenta, svaraði hún því að henni finnst vanta áhöld sérhönnuð fyrir örvhenta, og nefndi sem dæmi að eldhúsáhöld fyrir

<sup>72</sup> Höfundur spurðist fyrir eftir viðmælendum, fékk ábendingar í samtölum, hafði samband við Brekkubæjarskóla á Akranesi og auglýsti eftir viðmælendum á samskiptavefnum Facebook.

<sup>73</sup> Viðtal. Höfundur við Sigrúnu Sigurðardóttur, 9. apríl 2013.

<sup>74</sup> Símon Jóh. Ágústsson, „Hægri hönd og vinstri“, bls. 9.

örvhenta séu af skornum skammti. Að lokum sagði hún að sér fyndist að öðru leyti ekkert sérstakt við að vera örvhent.<sup>75</sup>

Næstelsti viðmælandinn var 64 ára karl, en hann fæddist árið 1949. Hörður Helgason man ekki hvenær það uppgötvaðist að hann væri örvhentur, en telur það líklegt að það hafi verið þegar hann byrjaði í barnaskóla árið 1956. Hann var ekki látinn skrifa með hægri höndinni í skóla, og það var ekki reynt í byrjun skólagöngu hans. Viðmælandi númer tvö fékk ekki, ekkert fremur en en fyrsti viðmælandinn, sérstaka hjálp í skólanum við að læra að skrifa og ekki heldur frá foreldrum sínum.- Elstu viðmælendurnir tveir eru á sama aldri og aðeins hjá konunni hafði kennarinn þá hugmynd að láta hana skipta um hendi en ekki hjá karlinum. Það hefur ekki verið reynt að láta öll örvhent börn sem byrjuðu í skóla á sjötta áratugnum nota hægri hendi, það hefur verið mismunandi eftir því hvaða skóla var um að ræða og hvaða kennarar áttu í hlut. Elsti viðmælandinn ólst upp og gekk í barnaskóla á Akranesi, en sá næstelsti ólst upp í Reykjavík.

Aðspurður að því hvort hann noti stundum hægri höndina í stað þeirrar vinstri, svaraði Hörður því að hann gerði það allajafnan ekki, en kastaði ávallt bolta með hægri hendi, og það hafi hann alltaf gert, og það sé ekki vegna aðlögunar eða þjálfunar.

Viðmælandinn sagðist hafa mætt smávegis erfiðleikum vegna sérkennis síns eða öllu heldur óþægindum. Hann lýsir þeim svo:

-Það var erfitt að skrifa með blekpenna, ég þurrkaði alltaf yfir óþornað blekið með handarjaðrinum. Þegar þröngt er setið til borðs er óþægilegt að halda á súpuskeið með vinstri ef maður situr hæga megin við hliðina á réttthentum manni. Á sama hátt var óþægilegt að sitja hægra megin við réttthentan sessunaut í skóla þegar báðir þurftu að skrifa. Sumar gestabækur eru ómögulegar fyrir örvhenta. Ég man ekki eftir að mér hafi verið strítt og aldrei fundið neikvætt viðmót. Ég hef oft vakið athygli fyrir að nota vinstri, en aldrei [upplifað] neitt óæskilegt eða óþægilegt.

Hann sagði að það væri ekki slæmt að vera örvhentur, heldur fylgdu því aðeins smávegis óþægindi.<sup>76</sup>

---

<sup>75</sup> Viðtal. Höfundur við Sigrúnu Sigurðardóttur, 9. apríl 2013.

<sup>76</sup> Viðtal. Höfundur við Hörð Helgason, 7. apríl 2013.

Þriðji elsti viðmælandinn var 47 ára gömul kona. Hún er fædd árið 1966. Það uppgötvaðist að Arnbjörg Stefánsdóttir væri örvhent þegar hún var mjög ung, því að hún notaði alltaf vinstri höndina við allt sem hún gerði. Hvorki foreldrar hennar né kennarar aðstoðuðu hana við að nota vinstri höndina. Hún segir allt hafa miðast við hægri handarnotkun þegar hún var að alast upp. Þrátt fyrir að foreldrar hennar og kennarar hafi ekki aðstoðað hana við að nota vinstri, þá kenndi frænka hennar hennar að þrjóna örvhent þegar þau gerðu það ekki. Hún sagði það hafa verið erfitt að vera örvhent sem barn, en hún hafi að minnsta kosti lært að þrjóna örvhent. Það lærði elsti viðmælandinn aftur á móti ekki, því að henni var aðeins kennt að þrjóna réttthent.

Helstu erfiðleikar viðmælandans í skólanum voru að skrifa með blekkpenna í skriftartímum: „Bókin mín var alltaf ein blekklessa.“

Því sagði hún að það þyrfti að hugsa námsbækur og stílabækur út frá örvhentum rétt eins og réttthentum, það sé oft erfitt fyrir örvhenta að skrifa í stílabækur.

Arnbjörg sagðist aðspurð gera margt með hægri hendi, bæði vegna þess að henni var kennt það og vegna aðlögunar. Í mörgum tilfellum sé auðveldara fyrir hana að nota hægri höndina í stað þeirrar vinstri. Auk þess sé það flókið fyrir örvhenta að nota ýmis tæki og tól sem eru hönnuð fyrir réttthenta, því þurfi örvhentir að vera jafnvígir á báðar hendur.<sup>77</sup> Heimurinn virðist enn miðast við hægri handar notkun, ekki aðeins á sjöunda- og áttunda áratugnum.

Fjórði elsti viðmælandinn var 38 ára gömul kona. Foreldrar hennar uppgötvuðu að hún var örvhent þegar hún var fjögurra eða fimm ára gömul. Hún sagði að foreldrar sínir hafi ekki hjálpað henni við að nota vinstri höndina, en kennari hafi þantað fyrir hana skæri ætluð örvhentum þegar hún byrjaði í grunnskóla. Fjórði elsti viðmælandinn er fæddur árið 1975 og byrjaði í grunnskóla 1982.

Viðmælandinn sagðist gera margt með hægri hendi, en geri það ekki vegna þess að hann hafi aðlagast því, heldur sé það bara þannig. Hann hafi ekki þurft að þjálfra það sérstaklega. Að lokum sagði hún að það þyrfti ekki að gera neitt sérstakt fyrir örvhenta til þess að auðvelda þeim lífið í réttthentum heimi, og það að vera örvhentur væri fyrir honum ekkert erfiðara en vera réttthentur.<sup>78</sup>

Af viðtölunum við tvo elstu örvhentu viðmælandurna má draga af því þá ályktun að þau hafi í gegnum tíðina aðeins upplifað smávægilega erfiðleika við að vera örvhent. Elsta viðmælandanum fannst helst óþægilegt að enginn hafi kunnað að kenna henni að hekla

<sup>77</sup> Viðtal. Höfundur við Arnbjörgu Stefánsdóttur, 6. apríl 2013.

<sup>78</sup> Viðtal. Höfundur við Önnu Svandísi Gísladóttur, 5. apríl 2013.

örvhent og að ekki séu til næg eldhúsáhöld fyrir örvhenta. Þeim næstelsta fannst helst óþægilegt að vera örvhentur þegar hann skrifi og við borðhald þegar hann sitji hægra megin við réttthenta manneskju. Lagt er á borð svo það henti réttthentum, en ekki örvhentum.

Þriðja elsti viðmælandum, sem er töluvert yngri en fyrstu tveir, fannst erfitt að vera örvhentur sem barn, en sem fullorðin kona hefur hún aðlagast því og segist vera á margan hátt jafnvíg á báðar hendur og segir flesta örvhenta vera það einnig. Fjórti elsti viðmælandinn er enn yngri og segist hún ekki hafa upplifað nein óþægindi við að vera örvhent. Hún hefur átt auðvelt með að aðlagast hinum réttthenta heimi frá unga aldri. Þrátt fyrir að aldursmunur á elsta og fjórða elsta viðmælanda sé 27 ár, þá er ekki af svörum þeirra hægt að draga haldbærar ályktanir um það hvort að aðstæður örvhentra hafi batnað eða versnað á tímabilinu, en þær virðast helst hafa verið nær óbreyttar og erfiðleikar þeirra hafi verið fremur litlir. Enginn af viðmælandunum fjórum upplifði stríðni vegna sérkennis síns.

Víst er það aftur á móti að allir viðmælandurnir upplifðu áhugaleysi kennara í skólanum á sérkenni þeirra og fengu ekki þá aðstoð sem þeir hefðu sumir hverjir þurft á að halda.

## **5.2 Viðtöl við örvhenta á aldrinum 13 ára til 33 ára.**

Ákveðið var að skipta viðmælandunum niður í tvo hópa, í þá sem voru fæddir 1948-1979, og í þá sem voru fæddir árið 1980 og síðar. Ástæðan fyrir því að það var gert er í frásögnum eldri hópsins var að finna svipaðar frásagnir, og í frásögnum yngri hópsins mátti sjá svipaðar frásagnir sömuleiðis sem áttu ekki að sama leyti heima í sama kafla og frásagnir eldri hópsins.

Elsti viðmælandinn í yngri hópnum var 33 ára gamall karl, Andri Ísak Þórhallsson, fæddur árið 1980. Þegar hann var spurður að því hvenær hann hafi uppgötvað að hann væri örvhentur, svaraði hann að hann hafi aldrei þurft að uppgötva vinstri höndina:

Ég hef verið örvhentur svo lengi sem ég man eftir mér. Teiknaði mikið þegar ég var barn og notaði alltaf vinstri höndina. Ég man ekki eftir því að hafa notað hægri höndina og svo skipt yfir á vinstri hönd á einhverju tímabili í lífi mínu.

Hann segist aldrei hafa þurft aðstoð við að nota vinstri höndina, segir að færnin hafi komið að sjálfu sér, rétt eins og hún geri hjá réttthentu fólki.

Aðspurður að því hvort hann noti hægri höndina til sumra hluta í stað vinstri handarinnar vegna þess að það hafi verið auðveldara þannig svaraði hann á þann veg að hann slái golfkylfur eins og réttthentur og noti stýripinna við leikjatölvur eins og réttthentur. Það hafi verið

auðveldara að nota þessa hluti þannig og hann eigi ekki í erfiðleikum með það. Það hafi komið eðlilega, en hann þurfti ekki að þjálfa upp færni.

Viðmælandinn sagði að vinir sínir hefðu stundum hent gaman að því í framhaldsskóla að hann hafi verið örvhentur, keypt bækur fyrir örvhenta handa sér, en það hafi verið meinlaust grín og ekkert annað. Að öðru leyti hafi hann aldrei fundið fyrir erfiðleikum við að vera örvhentur og hafi alltaf getað aðlagast hratt aðstæðum sem kannski aðrir örvhentir lendi í vandræðum með að gera.

Viðmælandinn sagði að það helsta sem mætti huga að fyrir örvhenta og bæta úr fyrir þá, er sú staðreynd að minna framboð sé af vörum fyrir örvhenta en fyrir réttthenta. Minntist hann þar sérstaklega á að það vanti meira af t.d. haglabyssum, golfkylfum og stýripinum fyrir örvhenta.<sup>79</sup>

Næstelsti viðmælandinn í yngri viðtalshópnum var 29 ára gamall karl, fæddur 1984. Hann sagði að hann hafi gert sér grein fyrir því að hann væri örvhentur þegar hann byrjaði í fyrsta bekk grunnskóla og lítið var til af skærum fyrir örvhenta í skólastofunni. Foreldrar hans hafi ekki aðstoðað hann við að nota vinstri höndina, en kennari hafi fundið til skæri fyrir örvhenta handa honum.

Hann segir að það háí honum á engan hátt að vera örvhentur, en hann notar vinstri höndina til flest allra verka. Notar hann þó hægri hliðina þegar hann er á skytteríi, en það er vegna þess að hjá honum sé hægra augað ráðandi. Hann sagði enn fremur að sér hafi lítið verið strítt á örvhendinni, en fái einstaka athugasemdir um að hann sé fatlaður.<sup>80</sup>

Þriðji viðmælandinn í röðinni var 26 ára gömul örvhent kona, Elísa Björt Guðjónsdóttir. Hún man ekki hvenær hún uppgötvaði að hún var örvhent, en sagðist hljóta að hafa verið mjög ung því hún muni ekki eftir sér öðruvísi. Foreldrar hennar aðstoðuðu hana ekki við að nota vinstri höndina, en í sambandi við það hvort að hún hafi fengið aðstoð í skólanum sagði hún: „Það eina sem ég man að mér var kennt var að halda rétt á blýanti, en ég held að öllum krökkum hafi verið kennt það, óháð því hvort þeir væru réttthentir eða örvhentir.“

Henni finnst sem allir hlutir séu sniðnir að þörfum réttthents fólks og nefndi sem dæmi: „um daginn var ég að nota sósuasu sem er þannig að ég varð að nota hægri hendina svo að það hellist rétt úr henni, sem er óþægilegt fyrir mig því ég er náttúrulega klaufi að nota hægri höndina.“

---

<sup>79</sup> Viðtal. Höfundur við Andra Ísak Þórhallsson, 14. apríl 2013.

<sup>80</sup> Viðtal. Höfundur við Axel Frey Eiríksson, 8. apríl 2013.

Viðmælandinn nefndi að stundum væri erfitt fyrir hana að skrifa í stílabækur með gormum, því gormurinn sé alltaf fyrir og einnig að það sé pirrandi að fara alltaf með hendina yfir það sem hún sé nýbúin að skrifa og kámi allt út á blaðinu.

Að lokum, þegar hún var spurð hvað hún vildi að aðrir vissu um það hvernig það er að vera örvhent sagði hún að „það [væri] stundum pirrandi hvað allt í heiminum er gert fyrir réttthent fólk, það getur verið erfitt fyrir okkur sem gerum allt öfugt. Líka kannski smá pirrandi hvað allir gera ráð fyrir að allir séu réttthentir.“<sup>81</sup>

Fjórði viðmælandinn var 24 ára gömul kona, fædd 1989. Lena Gunnlaugsdóttir kvaðst ekki muna hvenær hún gerði sér grein fyrir því að hún væri örvhent. Hún fékk ekki aðstoð vegna sérkennis síns í skólanum, en sagði að mamma sín hafi keypt fyrir sig örvhendis skæri. Hún hefur aldrei notað hægri höndina í stað þeirrar vinstri, en það er algengt meðal annarra örvhentra að þeir noti hana stundum. Henni finnst tilhugsunin um að nota hægri höndina mjög óþægileg.

Undantekning á þessari reglu er hvernig hún spilar á hljóðfæri, en viðmælandinn hefur æft og spilað á fiðlu í mörg ár og sagði að hún hafi „[...]oft verið spurð um það hvort að ég þurfi ekki sérstaka fiðlu því ég sé örvhent og mér finnst svo fyndið að fólk spyrji því ég nota einmitt vinstri hendina fyrir alla puttahreyfingarnar og boginn er í hægri, ég gæti ekki hugsað mér að þurfa að nota hægri hendina í alla fingravinnuna.“ Hún spilar „réttthent“ á fiðluna.

Viðmælandinn sagði að það væri ekki mikill munur á því að vera örvhent eða réttthent, nema það sé erfiðara fyrir hana að skrifa og hún verði öll út í bleki á hendinni þegar hún skrifar mikið. Henni finnst að gestabækur eigi að vera hannaðar þannig að gott sé fyrir bæði örvhenta og réttthenta að skrifa í þær. Að öðru leyti finnst henni frábært að vera örvhent og hefur aldrei verið strítt á sérkenni sínu.<sup>82</sup>

Fimmti viðmælandinn og sá næstsíðasti í röðinni og sömuleiðis 24 ára, en var karlkyns. Aðalsteinn Árnason uppgötvaði að hann væri örvhentur þegar hann var mjög lítill og var að byrja að teikna og lita. Aðspurður að því hvort hann hafi fengið aðstoð foreldra eða kennara við að nota vinstri höndina sagði hann: „Maður fékk nú ekki neina sérstaka hjálp held ég en samt sem áður man ég eftir að það voru til skæri fyrir örvhenta og svoleiðis í skólanum.“

Hann sagðist nota hægri höndina til ýmissa verka, en samt ekki vegna þess að það sé auðveldara fyrir hann að nota hana, en að nota vinstri höndina. Hann skrifi með vinstri, en noti

---

<sup>81</sup> Viðtal. Höfundur við Elísu Björt Guðjónsdóttur, 5. apríl 2013.

<sup>82</sup> Viðtal. Höfundur við Lenu Gunnlaugsdóttur, 7. apríl 2013.

hægri höndina til þess að halda á gaffli og skeið, til þess að tromma og kasta bolta. Þegar hann skrifar lendir hann í erfiðleikum því hann verður svartur af bleki á hendinni. Honum hefur lítið verið strítt á sérkenni sínu, nema einstaka sinnum lítils háttar af vinum sínum sem segi að hann sé fatlaður vegna örvhendisins.

Þegar viðmælandinn var spurður að því að lokum hvort eitthvað mætti gera sérstaklega með tilliti til örvhentra þá sagði hann að það mætti kenna örvhentum að skrifa í grunnskóla þannig að höndin fari ekki alltaf strax yfir það sem er skrifað og að framleiða megi fleiri verkfæri og áhöld sérstaklega hönnuð fyrir örvhenta.<sup>83</sup>

Síðasti viðmælandinn og sá yngsti var 13 ára gömul stúlka. Hún sagðist hafa verið örvhent frá því hún man eftir sér, og notar hún vinstri höndina til þess að klippa og geri það með örvhendis skærum og lærði hún í skóla að prjóna örvhent. Textílkennari hennar sá til þess að henni væri kennt að prjóna þannig. Einu skiptin sem hún notar ekki vinstri höndina er þegar hún fer í keilu. Henni hefur aldrei verið strítt á sérkenni sínu og finnst það að vera örvhent alveg eins og vera rétthent, segir engan mun á því.<sup>84</sup>

Yngri kynslóðin virðist vera nokkuð sátt við hlutskipti sitt, en eins og einn viðmælandanna nefndi þá getur það verið þreytandi að aðrir, sem eru ekki örvhentir, virðast ekki gera sér grein fyrir því að þeir séu aðeins öðruvísi og það þurfi að taka tillit til þeirra. –Fjórum af viðmælandunum sex hefur verið strítt á sérkenni sínu, en aðeins í gamni af vinum sínum. Fimm af sex viðmælandum hefur ekki verið hjálpað með að nota vinstri höndina í skóla. Sú yngsta hefur fengið aðstoð í skólanum og virðist hafa haft minnst óþægindi viðmælandanna sex af því að vera örvhent. Það getur verið merki um að kennarar séu orðnir meðvitaðri um sérkenni nemenda sinna og taki sumir tillit til þeirra.

Sumir viðmælandanna virðast ekki hafa þurft neina aðstoð, og hafa bjargað sér sjálfir með sérkenni sitt. Þrír viðmælandanna sex minnstust á óþægindi sem þau verða fyrir þegar þau skrifa og einn þeirra mælti með því að börnum yrði kennt að skrifa þannig í grunnskóla að þau færu ekki með hendina yfir. Fjórir viðmælandanna fannst skorta verkfæri og áhöld sérstaklega hönnuð fyrir örvhenta. Þeim finnst það öllum sjálfsagt að þau fái verkfæri við sitt hæfi.

---

<sup>83</sup> Viðtal. Höfundur við J. Aðalstein Árnason, 9. apríl 2013.

<sup>84</sup> Viðtal. Höfundur við Þuríði Magnúsdóttur, 15. apríl 2013.

## 6. Niðurstöður

Samkvæmt heimildum um viðhorf til örvhentra í íslenskum dagblöðum og öðrum tímaritum á fyrstu áratugum 20. Aldarinnar, þá virðist svo vera sem að það þyki ekki gott fyrir börn að vera örvhent, og deilt er um það hvort örvhendi sé meðfætt eða uppeldislegt sérkenni. Það þótti börnunum fyrir bestu að venja þau á að nota hægri höndina í stað þeirrar vinstri. Það var gert með þeim aðferðum sem þóttu bestar á þeim tíma, eða fyrstu áratugum síðust aldar. Foreldrar og aðstandendur örvhentra barna vildu venja börnin af því að vera örvhent, en sérkennið þótti ekki vera stórvægilegt, heldur fremur auðvelt að laga.

Á sjötta áratug 20. aldar gætti þeirra viðhorfa að mestu leyti að gera það sem barninu var fyrir bestu, með tilliti til sálarlífs þeirra. Það þýddi að ekki átti að neyða börn til þess að þjálfa upp hægri höndina, heldur reyna að fá örvhent börn til þess að þjálfa upp hægri höndina því það væri þeim fyrir bestu í „rétthentum“ heimi. Samkvæmt Símoni Jóh. Ágústssyni átti að gæta fyllstu varúðar í þessum efnum, ætti sálarlíf barnanna ekki að bera skaða af. Ekki voru allir sammála um að beita ætti varfærnislegum aðferðum við að venja börn af örvhendi. Helgi Valtýsson taldi það vitleysu að ekki ætti að láta örvhent börn æfa upp hægri höndina í öllum tilfellum og sagði það börnunum fyrir bestu.

Það var ekki mikið skrifað um viðhorf til örvhentra og stöðu þeirra í blöðum á Íslandi á sjöunda áratug 20. aldar, það sem þó var skrifað var nokkuð handahófskennt og birt til gagns og gamans. Það var skrifað að nú væru örvhent börn ekki lengur neydd til þess að þjálfa upp hægri höndina og að þau fengju að vera óáreitt með sérkenni sitt. Svipaða sögu er að finna í skrifum um örvhenta og viðhorf til þeirra á áttunda áratug 20. aldar. Það fáa sem þó birtist kom sérstaklega að því að örvhentir ættu oft á brattann að sækja gagnvart rétthentum og að nauðsynlegt væri fyrir örvhenta að fá verkfæri við sitt hæfi.

Frá níunda áratug 20. aldar og fram yfir aldamótin 2000 var sömuleiðis lítið skrifað um örvhendi í íslenskum blöðum. Það sem fram kom voru kynningar á verkfærum fyrir örvhenta og má segja að vitundarvakning hafi orðið á sérkenninu og almenningur fræddur um það að örvhentir þyrftu tæki og tól við sitt hæfi.

Tvö erlend rit um sögu örvhentra gáfu það til kynna að örvhentir væru líklegri en rétthentir til þess að skara fram úr á sviðum lista, menningar og stjórnmála, vegna sérstakra persónueinkenna sem örvhentum eru eignuð og að þeir séu líklegri til þess að taka áhættur í lífi sínu til þess að komast áfram í rétthentum heimi. Í kynningum á handahófskenndum erlendum rannsóknum um orsakir örvhendi og persónugerðir örvhentra sem valdar voru til



birtingar í íslenskum dagblöðum á seinustu þremur áratugum 20. Aldar og upphafsárum 21. aldar er gefið til kynna fremur neikvætt viðhorf blaðamanna gagnvart örvhentum, því flestar rannsóknakynningarnar innihalda neikvæðar staðreyndir um örvhenta.

Íslenskir grunnskólar leggja áherslu á að ekki megi mismuna nemendum, séu nemendur með sérþarfir, þá þurfi að taka tillit til þeirra. Í kennsluvísindum er lögð áhersla á það að séu nemendur örvhentir þá megi þeir vera það í friði og kennari viðkomandi einstaklings á að aðstoða nemandann við að nota vinstri höndina í náminu, sérstaklega í skriftarnámi. Svipaðar niðurstöður koma fram, en þar er greint frá því að örvhent grunnskólabörn vilja oft gleymast af kennurum sínum, og þurfi því sjálf að læra að bjarga sér í námi sem hannað er fyrir réttthenta og ná mörg hver að aðlagast svo vel að kennarar þeirra taka stundum ekki eftir því hvort þau séu örvhent eða réttthent.

Örvhendi telst ekki til vandamáls innan skólakerfisins, en örvhentum nemendum mætti sinna betur á fyrstu skólaárunum.

Af svörum tíu viðmælanda af báðum kynjum á aldrinum 13- 65 ára að dæma, þá telja örvhentir það ekki vera galla að nota vinstri hönd. Flestir viðmælendanna upplifa engin vandamál í tengslum við sérkenni sitt, aðeins óþægindi þegar kemur að því að skrifa og þegar nota á verkfæri hönnuð handa réttthentum. Nokkrir viðmælendanna vildu sjá fleiri verkfæri sérstaklega hönnuð fyrir örvhenta. Einn viðmælandinn nefndi að hann vildi sjá að örvhentum börnum væri kennt að skrifa þannig að höndin færi ekki yfir það sem skrifað er og kámi út höndina og blaðið.

Yngri viðmælendur virtust hafa fengið aðstoð í skólanum við að nota vinstri höndina, en ekki var mikið um það hjá eldri viðmælendunum, þeim var frekar hjálpað að nota vinstri hönd af aðilum utan skólans. Sumum þeirra var strítt á sérkenni sínu, en þó aðeins í gamni af vinum.

Viðhorf til örvhentra á Íslandi hafa breyst frá byrjun 20. aldar og til fyrstu áratuga 21. aldar. Eldri viðhorf einkennast af því að rangt sé að vera örvhentur og það þurfi að laga. Yngri viðhorf beinast í átt að því að sá sem er örvhentur aðili megi vera það í friði og það þurfi að aðstoða viðkomandi við að nota vinstri höndina til skrifta og annars, auk þess sem það þurfi að útvega örvhentum viðeigandi verkfæri. Viðmótið gagnvart örvhentum myndi ekki teljast neikvætt heldur einkennist það frekar af nokkru áhugaleysi á því að það þurfi að hjálpa örvhentum til dæmis innan veggja grunnskólans að ná sem bestri færni með vinstri hendinni.

## 7. Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla- almennur hluti 2011- greinasvið 2013*, Reykjavík, 2013.

„Af hverju er fólk örvhent?“, *Tíminn*, 26. maí 1981, bls. 2.

„Af hverju menn eru örfhendir“, *Alþýðublaðið*, 29. október 1920, bls. 3.

„Af hverju verða börn örvhent?“, 11. desember 1982, bls. 2.

Amundsen, Anne Beata, *Språk, mediasjon og intellektuell vekst i teori og praksis*, Osló, 1987.

Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík, 1989.

„Baráttudagur örvhentra“, *Morgunblaðið*, 13. ágúst 1993, blað B1, bls. B1.

Barsley, Michael, *The Left-Handed Book. An Investigation into the Sinister History of Left-Handedness*. London, 1966.

Bishop, D.V.M., *Handedness and Developmental Disorder*, Hove, 1990.

Björgvin Jósteynsson, Kristbjörg Eðvaldsdóttir, Þórir Sigurðsson, *Skrift í grunnskóla. Kennsluleiðbeiningar*, Reykjavík, 1984.

„Búsáhöld fyrir örvhenta eru til“, *Dagblaðið*, 21. október 1981, bls. 4.

Cantor, James. M, „Handedness in Pedophilia and Hebephilia“, *Archives of Sexual Behaviour* 34-4 (2005), bls. 447-459.

„Erfitt að vera örvhent“, *Fálkinn*, 37:32 (1964), bls. 5.

„Gen sem virðist skera úr um hvort fólk verði réttthent eða örvhent: Gen örvhentra líklega fundið“, *Fréttablaðið*, 2. ágúst 2007, bls. 12.

Geschwind, Norman og Peter Behan, „Left-handedness: Association with immune disease, migraine, and developmental learning disorder (cerebral dominance/autoimmunity/laterality/dyslexia)“, *PNAS Proc. Natl Acad. Sci. USA* 79 (1982), bls. 5097-5100.

Guðmundur Finnbogason, „Hægri og vinstri“, *Skírnir* 89 (1915), bls 403-410.

„Heilaskaði í fæðingu leiðir til kynskipta“, *Dagblaðið Vísir*, 25. mars 1992, bls. 9.

Helgi Valtýsson, „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara. I.“, *Dagur*, 22. september 1954, bls. 6.

Helgi Valtýsson, „Örvhent sálarfræði. Ávarp til kennara. II.“, *Dagur*, 29. september 1954, bls. 6.

„Hjálp við heimilisstörf“, *Þjóðviljinn*, 24.-25. apríl 1982, blað 2, bls. 12.

„Hvers vegna örfhendur?“, *Alþýðublaðið*, 3. nóvember 1920, bls. 2.

Jörgen Pind, *Frá sál til sálar. Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*. Reykjavík, 2006.

„Kanadísk rannsókn. Hommar og lesbíur eru fremur örvhent“, *Tíminn*, 28. júlí 1990, bls. 4.

Lippa, Richard A., „Handedness, Sexual Orientation, and Gender-Related Personality Traits in Men and Women“, *Archives of Sexual Behavior* 32-2 (2003), bls. 103–114.

Myhre, Reidar, *Stefnur og Straumar í uppeldissögu*, Reykjavík, 2001.

*Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*, Reykjavík, 1960.

Símon Jóh. Ágústsson, „Hægri hönd og vinstri“, *Vísir*, 7. maí 1958, bls. 4 og 9.

Símon Jóh. Ágústsson, „Hægri hönd og vinstri“, *Vísir*, 9. maí 1958, bls. 4 og 9.

„Stærsti vinstri hópurinn er nú í uppreisnarhug“, *Þjóðviljinn*, 1. júní 1975, bls. 7 og 18.

Vassdal, Tore, *Venstrehendte barn i skolen*, Oslo, 1964.

„Við hægri hönd guðs föður almáttugs“, *Tíminn Sunnudagsblað*, 25. ágúst 1968, bls. 632-635 og 646.

Vignir Bjarnason, „Jafnrétti“, *Morgunblaðið*, 3. nóvember 2004, bls. 33.

Wenze, Gloria, „Helping Left- Handed Children Adapt to School Expectations.“, *Childhood Education* 81:1(2004), bls. 25-31.

Wright, Ed, *A Left- Handed History of the World*, 2007, 2.útg, Millers Point NSW, 2011.

„Ýmsir kostir geta fylgt því að vera örvhentur“ *Vikan* 37:50 (1975) bls 14-15.

„Örvhendir menn“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 26. Febrúar 1961, bls. 6-7.

„Örvhent börn“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 20. apríl 1952, bls. 201.

„Örvhentir menn“, *Æskan*, 71:7-8 (1970), bls. .391.

„Örvhentir og vandamál þeirra“, *Vikan* 41:47 (1979), bls. 38-40.

„Örvhentir í vanda“ *Dagblaðið Vísir*, 10. september 1996, bls. 10.

„Örvhentir líklegri til að fá brjóstakrabbamein?“ *Fréttablaðið*, 27. september 2005, bls. 22.

### **Námsritgerð**

Anna Lía Sigurjónsdóttir, Hjördís Kristinsdóttir, „Að vera örvhentur“, óútgefin lokaritgerð til B.Ed.- prófs, Reykjavík, 1993.

### **Vefheimildir**

Vef, Eyja Margrét Brynjarsdóttir, „Af hverju eru sumir örvhentir en aðrir ekki?“. *Vísindavefurinn* 23.7.2003. <http://visindavefur.is/?id=3603>, (skoðað 14.4.2013).

Vef, Kerfisstjórar Reiknistofnunar, „Símon Jóhannes Ágústsson“, *Heimspækivefurinn*, 28.2.2010, [https://heimspeki.hi.is/?page\\_id=234](https://heimspeki.hi.is/?page_id=234), (skoðað 5.3.2013).

**Viðtöl**

Viðtal, Höfundur við Andra Ísak Þórhallsson, 14. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Önnu Svandísi Gísladóttur, 5. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Arnbjörgu Stefánsdóttur, 6. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Axel Frey Eiríksson, 8. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Elísu Björt Guðjónsdóttur, 5. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Hörð Helgason, 7. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við J. Aðalstein Árnason, 9. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Lenu Gunnlaugsdóttur, 7. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Sigrúnu Sigurðardóttur, 9. apríl 2013.

Viðtal, Höfundur við Þuríði Magnúsdóttur, 15. apríl 2013.